



Líf og starf í Afríku

Fréttabréf um þróunarmál

30. tbl. 17. árg. júní 2002

Líf og starf í Afríku

Að lifa og starfa í þróunarríki Sighvatur Björgvinsson	3
Íslendingar í Namibíu Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir	4
Líf og starf félagsmálaráðunauta við Apaflóa í Malaví Guðrún Haraldsdóttir	7
Nýtt líf í Mósambík Guðmundur Guðmundsson og AnnaFriðriksdóttir	10
Karlar, varið ykkur! Drífa Kristjánsdóttir	12
Tæknileg ráðgjöf – Breyttar áherslur Margrét Einarsdóttir	14
Kynþáttafordómar Pétur Waldorff	17
Ný sjónarmið í þróunarsamvinnu Þórdís Sigurðardóttir	19
Afríka, hvernig er hún? Vaka Antonsdóttir	22

Útgefandi:

ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN
ÍSLANDS

Pverholt 14,

Pósthólf 5330, 125 Reykjavík

Sími: 545 8980/545 8982

Bréfasími: 545 8985

Netfang: iceida@utn.stjr.is

Vefslóð: <http://www.iceida.is>

Ritstjóri:

Margrét Einarsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Sighvatur Björgvinsson

Höfundar greina eru ábyrgir fyrir þeim skoðunum sem þar koma fram. Þær þurfa ekki að lýsa stefnu starfsmanna eða stjórnar stofnunarinnar.

Forsíðumynd: Hjá klæðskera í Lilongwe
Ljósmyndari: Guðni Magnús Eiríksson

Hönnun:

Margrét Rósa Sigurðardóttir

Filmvinnu og prentun:

Prentmet

Stúlkur á strönd Malavívatns. Ljós.: Guðni Magnús Eiríksson



Að lifa og starfa í þróunarríki

Séð yfir Bunda-háskólann í Malaví. Ljós m.: Guðni Magnús Eiríksson

SIGHVATUR BJÖRGVINSSON

Hvernig er að lifa og starfa í þróunarlandi? Hér spyr sá sem hefur enga reynslu af því, hefur aðeins haft þar viðdöl sem gestur og byggir alla sína vitneskju á frásögnum annarra.

Formleg samstarfslönd Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) eru nú fjögur – Namibía, Malaví, Mósambík og Úganda. Þó sumt sé sameiginlegt með þessum löndum, sem öll eru í Afríku sunnan Sahara, er þó fleira sem ólíkt er frá einu landi til annars. Namibía telst til dæmis ekki til fátækustu þróunarlanda ef miðað er við þjóðartekjur á íbúa, en lífsins gæðum er þar mjög misskipt og auðvelt er að finna í landinu sára fátækt og einnig algera örbirgð, ekkert síður en í þeim löndum sem lægstar hafa þjóðartekjurnar. Borgir og bæir bera hins vegar um sumt evrópskt svipmót í augum aðkomandi gests og þýskættuð nöfn á bæjum, götum, verslunum og veitingahúsum ber hvarvetna fyrir augu, enda er Namibía gömul þýsk nýlenda. Þó að það sé eflaust reynsla þeirra sem halda til starfa á vegum ÞSSÍ og fjölskyldna þeirra að viðbrigði séu mikil, virðist þó vera sem viðbrigðin séu minni fyrir þá sem koma úr íslensku starfsumhverfi til starfa í Namibíu en fyrir þá sem starfa í öðrum samstarfslöndum ÞSSÍ.

Starfsumhverfið í hinum löndunum þremur er meira í ætt við það sem Íslendingum flýgur í hug þegar rætt er um Afríku. Þó mun það vera reynsla ÞSSÍ á tuttugu ára starfsferli stofnunarinnar að hversu vel sem nýir starfsmenn telja sig vera undirbúna til þess að hefja störf í Afríku kemur þeim reynsla fyrstu mánaðanna alltaf að einhverju eða jafnvel öllu leyti í opna skjöldu. Flestir verða fyrir menningaráfalli af einhverjum toga. Allt umhverfið, starfsaðstaðan, daglegt líf – hvaðeina er svo gjörólíkt því sem fólk í Evrópu á að venjast.



Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

Framandi aðstæður reyna á

Starfsfólki ÞSSÍ mæta að mínu áliti meiri erfiðleikar en gerist og gengur um starfsfólk alþjóðasamtaka, eins og t.d. Rauða krossins eða Sameinuðu þjóðanna, sem starfa í þróunarlöndum. Í mörgum tilvikum er starfsfólk slíkra alþjóðastofnana saman í hóp, umgengt mikið hvert annað, hefur stuðning hvert af öðru í daglegu lífi og störfum og samskipti í starfi byggjast á sameiginlegum, vestrænum gildum, samskipta- og starfsvenjum. Flest starfsfólk ÞSSÍ vinnur hins vegar í afrísku starfsumhverfi eitt og út af fyrir sig. Samstarfsmenn eru afrískir, vinnustaður og vinnuumhverfi afrískt og í staðinn fyrir að umhverfið lagi sig að vestrænum starfsháttum, starfsaðferðum og samskiptaháttum sem Íslendingurinn þekkir, verður hann að laga sig að aðstæðum sem eru honum gersamlega framandi. Starfsmaðurinn stendur oftast einn, með fjölskyldu sinni, og verður einn að takast á við nýtt og algerlega framandi umhverfi, venjur og siði. Hið nýja og framandi er ekki bara loftslag og veðurfar heldur allt önnur nálgun viðfangsefna en viðgengst á Íslandi eða í öðrum Evrópulöndum, allt annað samskiptamynstur, allt annað tímaskyn –

jafnvel smáatriði í daglegu lífi, sem við veitum enga athygli, eru svo gjörólík því sem við eigum að venjast að þau verða nýgræðingum stöðugt fjötur um fót.

Þó slíkt reyni mjög á þolgæði, sálarstyrk og umburðarlyndi starfsmannsins er þó oftast enn erfiðara fyrir fjölskylduna sem honum fylgir – ekki síst makann – að venja sig við og sættast við sitt nýja umhverfi. Á Íslandi, þaðan sem fjölskyldan kemur, er siðvenjan sú að bæði hjónin vinna utan heimilis og bæði njóta þau fulls frjálrsræðis til samskipta við annað fólk utan heimilisveggjanna og til þátttöku í atvinnu- og félagslífi. Í þróunarlandi er alger undantekning að maki starfsmanns geti fengið atvinnu. Hlutskipti makans er að vera heima, þ.e. innan veggja heimilisins í bókstaflegri merkingu, innan traustrar girðingar með gæslumenn á sólarhringsvakt. Utan þeirra veggja er örbirgðin, sjúkdómar, eins og fá okkar hafa nokkru sinni séð, betlið, óöruggi og jafnvel ótti, sem ekki er að ástæðulausu – en um leið ótrúleg náttúruvegur, gróska, sem engan á sinn líka, og góðviljaðar og hjartahlýjar manneskjur. Starfsmaðurinn hefur þó starf sitt til þess að halda sér í á meðan hann er að venjast aðstæðum – en makinn hefur engan nema sjálfan sig. Makinn verður þá sjálfur að vera bæði lækni sinn og prestur.

Aðlögunarhæfni mannsins er mikil

Þegar hér er komið sögu mun mörgum lesenda minna, og þá ekki síst reyndum starfsmönnum ÞSSÍ, eflaust þykja sem ég sé að ofgera. Erfiðleikarnir við að hefja störf í Afríku og að takast á við nýjar aðstæður séu ekki svona miklir. Að hér mæli sá sem enga reynslu hefur. En það er einmitt löðid. Ég styðst ekki við eigin upplifun í þessum efnunum heldur ummæli annarra sem hafa

fest mér í minni. Hvað það fólk segir sem annars vegar er nýkomið til starfa í þróunarlandi og hins vegar hvað þeir segja sem lengri reynslu hafa. Aðlögunarhæfni mannsins er með ólíkindum. Þeir sem á annað borð hafa komist yfir áfall fyrstu mánaðanna eru búnir að steingleyma þeirri reynslu sinni og sletta bara í góm þegar talið berst að erfiðleikum frumbýlinganna í þróunaraðstoð. Í þeirra augum er þetta ekkert mál. Hljóðið í hinum, sem eru að stíga sín fyrstu skref í störfum í Afríku, er hins vegar gerólikt. Það fólk segir gjarnan að þó að reynt hafi verið að kynna því aðstæðurnar í máli og myndum heima á Íslandi áður en haldið var af stað hefði það annars vegar ekki trúað helmingnum af því sem því hefði verið sagt og hins vegar hefði reynslan af þeim helmingi, sem það hefði fengist til þess að trúa, verið miklu erfiðari en það hefði vænst. En svo aðlagast fólk aðstæðum. Það gleymir hratt og það góða, göfuga og fagra situr eftir í minningunni eins og ávallt og alls staðar. Og vist er margt bæði gott, göfugt og fagurt í Afríku ekki síður en annars staðar.

Að lífa og starfa í þróunarlandi gerir miklar kröfur til þess fólks sem slíkum störfum sinnir. Það gerir kröfur um þolinmæði, sálarstyrk, umburðarlyndi, skilning, aðlögunarhæfileika og um hófsemi, sjálfsaga og gætni. En málið er flóknara en það að færa sig frá íslenskum aðstæðum til gerólíks umhverfis. Starfsfólk í þróunarlöndum þarf líka að hafa hæfileika til þess að geta lagað sig aftur að íslenskum aðstæðum eftir að það hefur vanið sig við aðstæðurnar í þróunarlöndunum. Það getur stundum orðið næstum því jafn erfitt að koma heim aftur og var að hleypa heimdraganum. Þess vegna er það stefna ÞSSÍ að hafa að jafnaði ekki sama fólk að störfum í þróunarríki lengur en í mesta lagi í fimm ár.

Erfið og stundum áhættusöm störf

Þetta tölublað Fréttabréfs ÞSSÍ er helgað lífi og starfi í Afríku. Í blaðinu eru m.a. viðtöl og greinar um reynslu starfsmanna, samstarfsmanna þeirra og daglegt líf. Þó að ekki fari mikið fyrir lýsingum af erfiðri lífsreynslu í því sambandi – enda flestir greinarhöfundar með nokkra starfsreynslu og því komnir yfir fyrstu lífsreynsluna – má ekki gleyma því að allt þetta fólk sinnir erfiðu og stundum áhættusömu starfi, sumt við mjög frumstæðar aðstæður. Það lifir og starfar í miklu náþýli við hinn afríska raunveruleika sem meðal annars felur í sér örbirgð, hungur, óhugnanlega sjúkdóma, skort á öllum nauðsynjum, spillingu samfara ofbeldi, ólæsi, kukl, kúgun kvenna, barnaprælkun og flest annað það sem miður horfir í okkar heimi. Framlag þessa íslenska starfsfólks okkar er mikilvægur hluti af framlagi hinnar íslensku þjóðar til þess að ráða bót á þessum mörgu og neikvæðu einkennum á hinum afríska raunveruleika. Ef ekki kæmi til framlag hinna efnuðu þjóða heims væri sú barátta heldur vonlítill.

Höfundur er framkvæmdastjóri ÞSSÍ.

Íslendingar í Namibíu

Við lögðum af stað á vit nýrra verkefna og til nýrra heimkynna í júní 2000. Víðir, maðurinn minn, hafði ráðið sig til starfa á vegum ÞSSÍ í Walvis Bay í Namibíu og ég hafði skráð mig í fjarnám í tölvu- og upplýsingatækni við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands.

JÓHANNA Á. ÞORVALDSDÓTTIR

Ellefu klukkustundir með risapotu

Ferðin til London gekk samkvæmt áætlun en er við komum út á völl til að halda ferðinni áfram tók við hálf tíma bið og síðan tveggja tíma seinkun í Frankfurt. Vélin var risapota, ekki árgömul og varð uppi fótur og fit er ekki reyndist mögulegt að loka einni hurð vélarinnar. Í Frankfurt fjölgaði farþegunum og vistir voru teknar um borð. Síðan var haldið í loftið og flogið í 11 tíma samfleytt. Komið var til höfuðborgarinnar Windhoek um klukkan tíu að morgni sunnudags. Þar tók á móti okkur starfsmaður ÞSSÍ. Það tók um klukku tíma að fara í gegnum tollinn og finna farangurinn sem hafði verið sendur á undan okkur. Ekki var allur farangurinn kominn en hann skilaði sér að viku liðinni. Við komum við hjá íslenskum hjónum sem búa í Windhoek

og drukkum hjá þeim te áður en haldið var til Walvis Bay en vegalengdin þangað er 370 kílómetrar. Þegar haldið er frá Windhoek, sem er í um 1600-1700 metra hæð yfir sjávarmáli, til Walvis Bay er ekið um gróðurmikið land sem minnkar smám saman er nær dregur ströndinni og síðustu 50-60 kílómetrana er nánast um eyðimörk að ræða. Þegar komið var til Walvis Bay beið okkar grillmatur hjá íslenskum hjónum sem búið höfðu hér í eitt og hálf ár vegna starfa hjá ÞSSÍ. Eftir matinn skoðuðum við húsið sem við höfðum fengið til bráðabirgða. Walvis Bay stendur við lón og umrætt hús er við lónið og var með ágætum garði og stórum pálmatrijám þegar þetta var. Út um stofugluggana sjást pelíkanar og flamingóar sem halda til á lóninu. Á kvöldin við sólarlag logar himinninn og hægt er að fylgjast með því þegar sólin hrapar niður fyrir sjóndeildarhringinn og myrkríð tekur við. Ljósaskiptin hér eru miklu styttri en á Íslandi.



Langir skuggar um sólsetur.
Ljósni.: Eyjólfur V. Valtýsson

Árstíðir í Namibíu eru öndverðar þeim á Íslandi og það var vetur þegar við komum hingað og nætur kaldar. Hús eru ekki kynt og þar af leiðir að þau eru köld og við þurfum að hita upp með rafmagnsöfnum. Á daginn er sól og hiti og gjarnan vindur seinni part dags hér við ströndina. Það var orðið alveg dimmt klukkan sex á kvöldin á þeim tíma sem við komum. Verslanir aðrar en matvöruverslanir loka klukkan fimm. Öll starfsemi byrjar hér fyrr á morgnana en á Íslandi og til dæmis byrja flestir grunnskólar klukkan sjö.

ÞSSÍ sér okkur fyrir húsnæði og nauðsynlegustu húsgögnum en annan búnað, svo sem potta, pönnur, borðbúnað, sængurver, handklæði, ísskáp, þvottavél o.fl., þurftum við að koma með að heiman eða útvega okkur sjálf. Við ákváðum að taka ekkert með okkur út og þurftum því að kaupa okkur umræddan búnað eins og við værum aftur að hefja búskap.

Algengt er að ráðið sé fólk til garðyrkju- starfa og heimilisstarfa.



Ljósni.: Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir

Það var tekið vel á móti okkur

Vinna hófst strax daginn eftir að við komum. Ég fór í búðir með íslenskrri konu sem sýndi mér hvar best væri að versla og ég keypti það sem okkur vantaði í byrjun. Það kom mér á óvart hversu mikið vöruúrvalið var og að það væri hægt að fá allt sem okkur vanhagaði um.

Við vorum búin að kaupa bíl þegar við komum og fórum að keyra eftir fyrsta daginn. Okkur gekk mjög vel að keyra á vinstri vegarhelmingi sem voru nokkur viðbrigði.

Íslendingarnir, sem fyrir voru hér í Walvis Bay þegar við komum, tóku afskaplega vel á móti okkur og lögðu sig fram um að kynna okkur allar aðstæður.

Þann 17. júní, sem var rúmri viku eftir að við komum, fórum við Íslendingarnir saman út í eyðimörkina til að halda upp á daginn. Með í för voru sérstakir pottar sem notaðir eru til að sjóða í namibíska rétti. Þessir pottar eru kallaðir „pókípottar“. Hér er gjarnan notaður víður í stað kola þegar matur er grillaður eða steiktur úti í eyðimörkinni. Þarna vorum við þegar kominn í kennslustund í namibískri matargerð. Víðast á útivistarsvæðum eru hlaðin eldstæði, tilbúin til notkunar fyrir almenning.

Þegar við yfirgáfum Ísland höfðum við búið í sama húsinu í 28 ár en hér fluttum við þrisvar á rúmu ári og vonum að flutningskvótinn sé fylltur í bili. Til gamans má geta þess að í bókinni: „Keep your brain alive“ stendur að ein besta æfing sem til er

fyrir heilann sé að þurfa alltaf að hugsa alla hluti upp á nýtt. Með það að leiðarljósi þá gengu þessir flutningar og tilfærslur eins og í lygasögu.

Blómlegt félagslíf meðal Íslendinga í Namibíu

Félagslíf meðal Íslendinganna er með miklum blóma í Walvis Bay. Við förum út í eyðimörkina eða á ströndina og grillum af og til. Einnig fer hópurinn í útilegur saman og sú síðasta var farin í byrjun mars og þótti takast afar vel. Í þeirri útilegu hittum við einnig Íslendinga sem eru búsettir í Lüderitz.

Hádegishlé er hér á milli eitt og tvö. Einu sinni í viku hittumst við Íslendingarnir í hádeginu og borðum saman. Einnig er starfræktur alþjóðlegur kvennaklúbbur sem hittist tvisvar í mánuði í heimahúsum og þá spjöllum við saman, vinnum handavinnu, málum, lærum tungumál og fleira. Karlarnir starfrækja bridsklúbb sem kemur einnig saman tvisvar í mánuði. Við konurnar spilum keilu einu sinni í viku og flestir spila golf og sitthvað fleira er aðhafst í frístundum.

Í Namibíu skiptist þjóðin í svarta (86%), hvíta (6,6%) og þá sem eru af blönduðum kynþætti (7,4%). Opinbert tungumál er enska en mörg önnur mál eru töluð í landinu svo sem afrikaans, þýska, ovambo, damara, herero og fleiri. Í skýrslu menntamálaráðuneytisins frá 1999 segir að eftir að Namibía fékk sjálfstæði hafi námsefni í

móðurmáli verið þýtt á ellefu tungumál innfæddra.

Munurinn á lífskjörum fólks hér er mjög mikill. Rúmlega 4.000 hvítir eiga samtals um 36 milljón hektara lands en ríflega ein milljón svartra íbúa hefur til umráða tæplega 34 milljónir hektara.

Leiðist aldrei

Eins og áður hefur komið fram hafði ég skráð mig í fjarnám við framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands. Í byrjun hafði ég áhyggjur af því að erfiðlega gæti gengið að vera í sambandi og stunda námið vegna fjarlægðar en það gekk vel. Netið býður upp á mikla samskiptamöguleika sem nýta má til náms eða tómsundastarfs og þar ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Ég veit ekki hvað það er að láta sér leiðast og ég reyni að fylgja því sem Mahatma Gandhi sagði eitt sinn um hamingjuna: „Þú öðlast hamingjuna þegar það sem þú hugsar, það sem þú segir og það sem þú aðhefst er í fullkomnu samræmi“. Ef þetta gengur eftir þá getur manneskjunn liðið vel hvar sem hún er á jarðkringlunni.

Ég tel að maður verði ekki samur eftir að hafa dvalið í landi þar sem svona gífurlegur munur er á milli ríkra og fátækra. Ég el þá von í brjósti að þróunarastöð geti breytt lífskjörum fólks og aðbúnaði. Það gerist hins vegar ekki nema hún sé vel skipulögð og unnin af heilum hug.

Höfundur er búsettur í Walvis Bay í Namibíu á vegum PSSÍ.



Bakaðar skonsur í útilegu. Ljós.: Jóhanna Á. Þorvaldsdóttir



„Sjálfs-
hjálparandinn á
sér djúpar rætur í
þessum samfélögum“

segir Fred Chizule þegar ég spyr hann að því hvað helst einkenni þorpin við Apaflóa í Malaví en þar starfar hann og eiginkona hans, Phaless Chizule, sem félagsmálaráðunautar (Community Development Assistants) á vegum malavíska ríkisins.

Fullorðinsfræðsla í Balamanja þorpi. Ljós.: Guðrún Haraldsdóttir

LÍF OG STARF

félagsmálaráðunauta við Apaflóa í Malaví

GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR

„Fólk hérna á auðvelt með að skipuleggja hópinn þar sem allt þorpið tekur þátt í að vinna ákveðið verk, t.d. að undirbúa brúarsmíði í þorpinu“, bætti Phaless við. Chizule-hjónin hafa gegnt starfi félagsmálaráðunauta í Apaflóa um árabíl. Þau eru bæði frá öðrum landshlutum í Malaví en fluttu til Apaflóa árið 1994 eftir að þau luku námi við Magomera-skólann sem meðal annars hjálfar fólk til starfa sem félagsmálaráðunautar. Hjónin eru starfsfólki Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Malaví vel kunnug og hafa verið einir helstu ráðgjafar margra sem starfað hafa á vegum stofnunarinnar við Apaflóa.

Starf félagsmálaráðunauta í Malaví

Starf félagsmálaráðunauta í Malaví er afar

margbreitlegt. Segja má að starf þeirra felist í stuttu máli í því að vera tengiliðir milli þorpa ákveðins svæðis annars vegar, og stjórnvalda, alþjóðlegra þróunarsamvinnustofnana og frjálsra félagsamtaka hins vegar. Félagsmálaráðunautar aðstoða gjarnan þorpsbúa við að útbúa umsóknir um styrki ef stendur til að framkvæma eitt-hvað í þorpunum, t.d. að byggja skóla eða bora eftir hreinu vatni. Þeir sjá einnig um að samhæfa fullorðinsfræðslu á vegum ríkisins í þorpunum og á seinni árum hefur forvarnarstarf, tengt útbreiðslu alnæmis í landinu og afleiðingum þess, orðið mikilvægur hluti af starfi félagsmálaráðunauta. Þá kemur í hlut þeirra að vekja almenning til vitundar um ýmis stefnumót stjórnvalda, svo sem jafnréttisstefnu, en þeir starfa einnig í ýmsum nefndum á vegum ríkis eða sveitarstjórna. Þegar erlendar þróunarsamvinnustofnanir hefja starf í þorpum landsins leita þær til félagsmálaráðunautanna

sem eru þeim innan handar við undirbúning og framkvæmd þróunarverkefna.

Andi sjálfshjálpar og samvinnu

Apaflóakaupstaðurinn, þar sem Chizule-hjónin búa, er hafnar- og verslunarbær við suðurenda Malavívatns. Um fimmtíu fiskiþorp tilheyra Apaflóasvæðinu og í þessum þorpum býr fjölbreytilegur hópur fólks frá öllum landshornum í Malaví. Búferlaflutningar hafa einkennt malavískt samfélag frá því á nýlendutímum Breta í landinu þegar skattaálögur og hörð vinnuskilyrði neyddu marga til að flytja stöðugt á milli staða í leit að betri lífskjörum. Á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar flutti fjöldi manns búferlum til Apaflóasvæðisins frá norðurhæruðum Malavís í leit að atvinnu. Fengsæl fiskimið í suðurhluta Malavívatns og fjöl-skrúðugt viðskiptalíf, sem því fylgir, dró til sín fjölda manns sem kom til að nýta sér



Kennslustund í fullorðinsfræðslubekk í Apaflóa. Ljós.: GH

hið líflega viðskipta- og atvinnuumhverfi svæðisins. Þó nokkuð hafi dregið úr þessum búferlaflutningum á undanförunum áratugum er stöðugur straumur fólks til og frá fiskiþorpunum enn þann dag í dag eitt helsta einkenni samfélaganna við Apaflóa.

Fred og Phaleess eru sammála um það að fyrst eftir að þau fluttu til Apaflóa hafi þeim fundist skorta framkvæmdasemi hjá fólkinu sem þar býr. „Þetta er mjög vingaarnlegt fólk“, segir Phaleess, „en mér fannst það vanta frumkvæði og vinnusemi“. „Samfélögin hérna eru mjög hefðbundin malavísk samfélög“, bætir Fred við, „þar sem hefðir ýmisskonar eru í hávegum hafðar og nánast álitnar heilagar og óumdeilanlegar“. Þetta telja þau að valdi því að stundum virðist erfitt að innleiða nýjar hugmyndir í þorpunum og þá reynir á útsjónarsemi félagsmálaráðunautanna og samband þeirra við þorpsbúa. Einn mikilvægasti eiginleiki fólks í starfi félagsmálaráðunauta segja þau vera þann eiginleika að bera virðingu fyrir fólki og ólíkum siðum þess. „Það er mikilvægt að vera alltaf kurteis og lítillátur í þessu starfi“, segir Fred. Erillinn er oft mikill og fólk bankar upp á hjá Chizule-hjónunum á öllum tímum sólarhrings. „Það er mikilvægt að taka alltaf vel á móti fólki“, segja þau, „því öðruvísi heldur þú ekki trausti þess. Fólk hjólar eða gengur oft langar leiðir til að hitta okkur og það er hreinlega ekki hægt að vísa því frá þó að það komi utan vinnutíma og jafnvel eldsemma á morgnana“, segja Chizule-hjónin.

En þó Phaleess og Fred hafi fundist nokkuð skorta á framkvæmdasemi í þorpunum við Apaflóa fyrst eftir að þau fluttu þangað hefur virðing þeirra fyrir samfélögunum þar vaxið jafnt og þétt með árunum. „Fyrst hélt ég að frumstæð vinnubrögð og lélegur landbúnaðarafrakstur á svæðinu orsakadist

af dugleysi“, útskýrir Phaleess, „en nú hef ég áttað mig á því að þetta er ekki dugleysi í fólkinu, heldur er þetta svona vegna þess að fólk hefur ekki aðgang að þeirri tækni eða því fjármagni sem fólk á Vesturlöndum hefur“. Chizule-hjónin eru sammála um að sá samvinnuandi og sú félagslega samstaða, sem almennt ríki í þorpunum sem þau vinna í, sé það sem þau beri mesta virðingu fyrir. Í þorpunum er áhersla lögð á samfélagsgildi en ekki einstaklinginn og það er auðvelt að fá fólk til að koma saman, til dæmis til að búa til múrsteina fyrir skóla-byggingar, heilsugæslustöðvar eða annað sem kemur öllu þorpinu til góða.

Dvöl í erlendu landi

Fyrir rétt um tveimur árum fengu Chizule-hjónin tækifæri til að fara til Írlands og mennta sig frekar í samfélags- og þróunarfræðum. Þau dvöldu eitt ár á Írlandi og stunduðu nám við The Holy Ghost háskólann í Dublin. Ég spurði þau hvernig dvölin hefði verið og hvað þeim fyndist þau hafa lært af henni. Bæði lögðu áherslu á að tækifæri til að hitta fólk frá ólíkum heimshlutum sem stundaði nám við skólann, ásamt þeirri reynslu að aðlagast og venjast ókunnri menningu, væri það mikilvægasta sem dvölin á Írlandi hefði gefið þeim. „Þessi reynsla hefur hjálpað mér að bæta samskiptahæfileika mína“, segir Phaleess, „og mér finnst ég miklu öruggari en áður í samskiptum mínum við fólk af ólíkum uppruna“. Fred tekur í sama streng og segir: „Fyrst þegar ég kom til Írlands var ég mjög óöruggur. Ég vissi ekki hversu vingjarnlegt fólk yrði eða hvernig mat ég fengi, og svo var ég alls ekki viss um hvort ég myndi lifa veturinn af!“ Hann bætti hins vegar við að sú reynsla að hitta og vinna með fólki frá svo mörgum ólíkum menningarheimum

hafi bætt alla erfiðleika upp og flest fólk, sem þau hittu á Írlandi, hafi reynst þeim mjög vel. „Við vöndumst því samt aldrei að sjá fólk kyssast ástríðufullum kossu á almannafæri!“, sögðu Chizule-hjónin og hlógu dátt.

Eitt af því sem bæði Phaleess og Fred finnst þau hafa lært af dvöl sinni á Írlandi er árangur vinnusemi. „Fólk er einbeitt og iðið við vinnu sína“, segir Phaleess og telur að það hljóti að hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið. Hún segist líka hafa dáðst að því jafnræði sem virðist ríkja á vinnustöðum á Vesturlöndum þar sem henni sýndist fólk koma fram við yfirmenn sína sem jafningja. „Í okkar heimshluta er meira valdamunur á vinnustöðum og ætlast er til þess að þú komir fram við yfirmann þinn með mikilli virðingu, jafnvel utan vinnutíma.“ Hins vegar finnst Phaleess vanta nokkuð á tilfinningu fyrir samabyrgð á Írlandi og segir að fólkið þar virðist ætlast til mikils stuðnings frá stjórnvöldum frekar en að treysta á sinn eigin samtakamátt og samstöðu. Phaleess telur ekki vera mikla félagslega samstöðu meðal fólks á Írlandi miðað við það sem hún þekkir í Malaví. Hver og einn virðist hugsa um sitt. „Jafnvel jarðarfari virðast vera einkamál fólks!“, segir Phaleess. Þetta er erfitt að skilja fyrir fólk sem alist hefur upp í samfélagi þar sem þátttaka og stuðningur við jarðarfari er einn helsti mælikvarði á félagslega stöðu fólks og tengsl þeirra við aðra.

Neikvæð mynd Afríku á Vesturlöndum

Chizule-hjónunum þykir miður hve neikvæða mynd fólks á Vesturlöndum hefur af Afríku. Þau segjast hafa orðið mjög mikið vör við þetta meðan þau voru á Írlandi og segjast oft hafa þurft að svara spurningum



Phalees við kennslu. Ljós.: GH



Fred og Phalees með þorpshöfðingjum í héraðinu. Ljós.: GH



Fred á fundi með þorpshöfðingjum á skrifstofu jafnréttis- og félagsmálaráðuneytisins í Apaflóa. Ljós.: GH

sem báru vott um mikla vanþekkingu og fordóma gagnvart Afríku. „Sumir samstúdentar mínir frá Evrópu sögðu mér að þá langaði alls ekki til Afríku því þar væri svo mikið af sjúkdómum, ekkert rafmagn, lítill matur og ekkert hreint vatn“, segir Fred til útskýringar og bætir við að þessi neikvæða mynd sé gegnumgangandi, bæði í fjölmiðlum og í tali fólks almennt. Honum er sérstaklega minnisstæð heimsókn í írskan barnaskóla þar sem Phalees og hann sögðu börnunum frá Malaví og Afríku og svöruðu spurningum þeirra. „Mörg barnanna héldu að Afríka væri bara eitt land. Þau spurðu okkur hvort fólk byggi í húsum í Afríku, hvort við hefðum salerni á heimilum okkar og hve mörg snákabít við hefðum fengið um ævina.“ Phalees bætir við: „Einn drengur spurði mig hvort það væri rétt að hörundsökkt fólk hefði þróast út frá öpum en hvít fólk væri af öðrum uppruna. Ég sagði honum bara að rifja upp þróunarsöguna sem honum ætti að hafa verið kennd og þar fyndi hann svar við spurningu sinni.“

Hjónin sögðust hafa velt því mikið fyrir sér hvaðan börnin hefðu eiginlega þessa skrýtnu mynd af Afríku. „Afríka táknar erfðleika og eynd í hugum fólks og það er mikið talað um að hjálpa fátækum Afríkubúum“, segir Phalees. „En hvers vegna beinist athyglin alltaf að vandamálunum í Afríku? Hvað með félagslega einangrun og skort á félagslegum samhengi á Vesturlöndum? Hvers vegna eru það ekki alveg eins vandamál sem þarf að leysa? Það er rétt að Afríka á við mikil vandamál að stríða en fólk ætti að reyna að gera sér grein fyrir því af hverju öll þessi vandamál herja á Afríku og hvernig við erum að reyna að leysa þau. Þá gæti fólk kannski farið að meta það sem er jákvætt við Afríku.“

Þróunarsamvinna: Áframhaldandi nýlendusamband norðurs og suðurs?

Bæði Fred og Phalees hafa mikla reynslu af því að vinna með alþjóðlegum þróunarsamvinnustofnunum og frjálsum félagsamtökum sem starfa í Malaví. Þau eru sammála um að flestar þessara stofnana starfi á mjög svipaðan hátt og oft leggi þær meiri áherslu á að fylgja eigin reglugerðum og markmiðum en að rækta gott samband við heima-fólk sem er þó mjög mikilvægt til að árangur náist. Erlendar þróunarsamvinnustofnanir hafi tilhneigingu til að vilja ráða ferðinni við framkvæmd þróunarverkefna og það komi stundum niður á vilja fólks til að taka þátt í þróunarstarfinu. Oft er félagsmálaráðunauturinn eins og milli steins og sleggju og þarf bæði að reyna að koma til móts við þarfir þorpabúa og þóknast vilja þróunarsamvinnustofnananna til að tryggja áframhaldandi stuðning. Fred segir að margar erlendar þróunarsamvinnustofnanir ráði mest sína eigin ríkisborgara til þróunarstarfa í stað þess að ráða hæft heima-fólk og það sé miður. Chizule-hjónin leggja þó áherslu á að margar erlendu stofnananna reyni sitt besta til að vinna með grasrót samfélagsins og Phalees telur að þróunarsamvinnustofnun Íslands hafi staðið sig vel í þeim efnum.

Tal okkar beinist að alþjóðlegu þróunarsamstarfi almennt og samskiptum norðurs og suðurs (Vesturlanda og hinna svokölluðu þróunarlanda). Því hefur verið haldið fram að með alþjóðlegu þróunarstarfi í suðurluta heimsins tryggi norðrið sér pólitísk og efnahagsleg yfirráð í heiminum með því að gera löndin í suðri háð sér efnahagslega. Ég spurði Chizule-hjónin um álit þeirra á þessu. „Já, þetta er rétt, þróunarhjálp eða þróunarsamvinna er í raun

ákveðið form nýlendusambands“, telur Fred. Hann heldur áfram: „Margar þróunarsamvinnustofnanir setja mörg skilyrði fyrir aðstoð sinni og sumar skipta sér jafnvel af stjórnmálum landanna sem þær vinna í. Lítum líka á alþjóðastofnanir eins og Alþjóðavíðskiptastofnunina. Stofnun hennar hefur verið fólkinu í suðri meira til ills heldur en góðs því að hún stendur fyrir viðskiptahömlum sem eru norðrinu í vil. Þær efnahagslegu skipulagsbreytingar, sem Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa staðið fyrir í þróunarlöndunum, virðast líka hafa borið lítinn árangur og í raun virðast þessar aðgerðir hafa gert mörg lönd fátækari en áður. Þetta er nýlendustefna í raun. Mörg lönd eru háð lánum frá þessum stofnunum og það eykur stöðugt skuldabyrði þeirra í stað þess að leysa vandamálin.“

Phalees vill ekki taka alveg svona djúpt í árinu og segir að varla sé hægt að tala um nýlendusamband milli Vesturlanda og landanna í suðri. „Það er mikilvægt að átta sig á því hvernig þessi gjá milli ríkra og fátækra landa myndaðist. Landkönnuðirnir, sem hingað komu á sínum tíma, komu til að nýta auðlindir suðursins og það gerði þeirra eigin lönd rík. Í dag eiga ríku löndin í heiminum erfitt með að viðurkenna þann skaða sem þau ollu með arðráni sínu í suðurluta heimsins og þau þráast við að bæta þann skaða að fullu. Í staðinn koma þau upp þróunarsamvinnu við þessi lönd til að hylma yfir skaðann. Þessi þróunarhjálp mun aldrei bæta skaðann alveg en henni er ætlað að hjálpa þeim sem minnst mega sín og getur því varla flokkast undir nýlendustefnu“, segir Phalees að lokum.

Höfundur starfar á vegum PSSÍ sem ráðgjafi við fullorðinsfræðsluverkefni í Malaví.



Skólastúlkur í miðborg Mapútó.
Ljósni.: Anna Friðriksdóttir

Nýtt líf

Við hjónin höfðum stundum rætt það okkar á milli í fullri alvöru að gaman gæti verið að flytja tíma- bundið til suðrænna landa til þess að kynnast annarri menningu og sið- um. Að vísu var Afríka ekki sérstak- lega til umræðu þar sem hún var svo langt í burtu en þegar tækifærið gafst vorum við ekki lengi að hugsa okkur um. Áður en við vissum af vorum við önnur kafin við að und- irbúa flutning til Mósambíks. Tvo syni skildum við eftir heima en sá yngsti fór með okkur.



ANNA FRÍÐRIKSDÓTTIR OG GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

Ferðina undirbyggjum við eftir bestu getu. Í Mósambík er töluð portúgalska og hófum við strax nám í henni. Við sóttum undirbúningsfundi hjá ÞSSÍ og létum spurningum rigna yfir þá Íslendinga sem fyrir voru í Mósambík. Læknar voru heimsóttir og fjölskyldan bólusett í bak og fyrir. Auk þess voru ótal lausir endar heima fyrir sem þurfti að hnýta áður en lagt var af stað.

Fegurð og fátækt í Mapútó

Full eftirvæntingar lentum við í Mapútó, höfuðborg Mósambíks, eftir rúmlega eins sólarhrings ferðalag frá Íslandi sem hafði gengið ágætlega. Á leiðinni frá flugvelliðnum ókum við í gegnum út- hverfi Mapútó og við blöstu alls kyns skúrar og kofaskrifli, sem greinilega höfðu verið reist af miklum vanefnum, en líka iðandi mannlíf, börn að leik og konur og karlar eitthvað að bjástra. Þótt þetta væri í júníbyrjun og byrjað að kólna var samt sólbaðsveður. Eðlur flat- möguðu í sólinni, skrautfríðildi flögruðu um garða og fuglar sungu. Þetta var þá Afríka.

Mapútó er stórborg með um tvær milljónir íbúa. Borgin er að stærstum hluta reist á höfða en hafnarsvæðið, stjórnsýslan og sollurinn er á láglandinu fyrir neðan. Elsti hluti borgarinnar er fallegur tilsýndar en hrörlegur þegar betur er að gáð. Trjágróður er áberandi, breiðgötur með pálmatrjám, akasjú- trjám og jakarandatrjám. Í byrjun regn- tímans eru þau síðarnefndu þakin rauð- um og fjöluþláum blómum og setja þá mikinn svip á borgina. Þótt Mapútó sé stórborg spígspora geitur um óhirt svæði í miðborginni en algengt er að íbúarnir séu með smábúskap í garðinum hjá sér.

Af ýmsu má sjá að yfirvöld Mapútó eiga fullt í fangi með að veita lágmarks- þjónustu. Sorphirða er í mesta ólestri og setur ruslið ljótan svip á borgina. Sumar göturnar minna helst á íslenska fjallvegi að vori. Purfa bílstjórar að beita ítrustu lagni við að mjaka sér yfir sprungur og gjár. Umferðin í Mapútó er ekki mikil en farartækin skrautleg, allt frá kerrum, sem menn ýta á undan sér, til sportbíla og lúxusjeppa. Öryggismálum er lítið sinnt. Algengt er að sjá pallbíla þar sem fjöldi fólks situr eða stendur óvarið uppi á pallinum. Einnig virðast bílarnir oft vera vanbúnir, framrúðan krosssprungin og stefnuljósinn óvirk, a.m.k. öðrum

megin. Þá þjarga menn sér með bending- um. Almenningsamgöngur í Mapútó byggjast á litlum sendiferðabílum, eða „chapas“, þar sem farþegunum er stafl- að eins og sardínum í dós. Umferðar- reglur eru ekki teknar hátiðlega í Mapútó en fremstir meðal jafningja eru bílstjórar sendiferðabíla sem aka í loftköstum. Það er eins gott að vera á varðbergi og reikna hvorki með því að ökumenn stansi á rauðu ljósi né við stöðvunarskyldu. Reyndar getur verið erfitt að sjá hvort ljósið er rautt eða grænt þegar perurnar í götuvatunum eru ónýtar.

Lifandi borg

Mannlífið er fjölskrúðugt í Mapútó. Þrátt fyrir fátæktina leggja Mósambíkar mikið upp úr klæðaburði. Konurnar eru ýmist klæddar að vestrænum hætti eða í „capulanas“ sem eru litskrúðugir dúkar sem þær binda um sig. Karlarnir eru í stífpessuðum buxum, ljósum skyrtum og þússuðum skóm. Í miðborginni er mikið af munaðarlausum börnum og beiningafólki sem framfleytir sér með betli. Örkumla fólk er áberandi. Sumir skríða á fjórum fótum, illa farnir af lóm- unarveiki, en aðrir staulast við hækjur

í Mósambík



Guðmundur, höfundur greinarinnar og Sverrir bróðir hans á fiskmarkaðnum í Mapútó. Ljós.: AF



Listamennirnir Viler og Mucavele í listagalleríinu - Nucleo de Arte í Mapútó. Ljós.: AF



Fólksflutningar í Mapútó. Ljós.: AF

eftir að hafa misst annan fótinn við það að stíga á jarðsprengju. Enn eru jarðsprengjur víða í jörðu og minnir borgarastríðið þannig stöðugt á sig þótt nærri tíu ár séu liðin frá lokum þess.

Í Mapútó er alls staðar verið að kaupa og selja eitthvað. Í miðborginni eru götmarkaðir með minjagripi fyrir ferðamenn en í úthverfunum eru markaðir með neysluvörur fyrir heimamenn. Þar blómstrar svartí markaðurinn og hægt að kaupa allt sem nöfnum tjáir að nefna en nýgræðingar eiga ekkert erindi þangað nema þá til þess að láta plokka af sér aurana. Niðri við ströndina er líflegur fiskmarkaður. Vissulega uppfyllir aðstaðan ekki ítrustu kröfur en oft er hægt að fá þar ágætis fiskmeti. Fjölbreytnin er mikil, ótal tegundir af fiski, sem flestar eru ókunnar Íslendingum, og að auki krabbar, humar og risastórar tigrisrækjur.

Land andstæðna

Mósambík er fallett land en fátæktin og allsleysið stingur í augun. Andstæðurnar eru gífurlegar, örbirgð og auðlegð hlið við hlið. Þegar ekið er norður fyrir Mapútó tekur við gróskumikið land með litlum þorpum og bæjum á víð og dreif. Híbylin eru flest strákofar, byggðir með hefðbundnum hætti, en tíminn stendur ekki í

stað þar frekar en annars staðar. Í miðri örbirgðinni blasa við auglýsingaskilti fyrir kók, farsíma og lúxsápu. Í flestum bæjum er nútímaleg bensinstöð með verslun þar sem hægt er að kaupa vestrænan varning, eins og gos og sælgæti, en erfitt er að ímynda sér að kaupendurnir séu úr nágrenninu. Vestræn einkenni birtast einnig með öðrum hætti. Dag nokkurn, er við ókum í gegnum lítinn og hrörlegan bæ, rákumst við á lest pallbíla sem fullir voru af prúðbúnu fólki. Fyrir lestinni fór hvítur fólksbíll skreyttur bleikum borðum. Þarna voru brúðhjón á ferð og var brúðurin í hvítum pífkjól og brúðguminn í jakkafötum með bindi.

Mósambíkar eru vingjarnlegt fólk og gladlegt. Þeir hlæja dátt og hafa að ýmsu leyti svipað skopskyn og Íslendingar þótt húmorinn geti verið æði kaldranalegur. Þeir eru hjátrúarfullir, eins og Íslendingar, og virðist trú á drauga og galdra þrífast ágætlega í stórborginni Mapútó. Tímaskyn Mósambíkmanna er allt annað en Íslendinga. Í Mósambík taka hlutirnir sinn tíma og vel það. Virðist framtíðin afar fjarlæg í hugum margra þeirra. Tveir eða þrjú mánuðir fram í tímann eru óralangt í burtu, ár er heil eilífð. Reynir þetta á þolrifin í þeim sem eru vanir að skipuleggja sinn tíma út í hörgul.

Aðlögun að framandi umhverfi

Fyrstu mánuðirnir í Mósambík hafa verið mjög viðburðarríkir. Fjölskyldan hefur þurft að aðlagast framandi umhverfi og samfélagi. Veðurfarið er auðvitað allt annað en á Íslandi, hitinn og rakinn er miklu meiri, en þó er vindasamt í Mapútó eins og í Reykjavík. Seinangangurinn á flestum sviðum getur verið þreytandi en fátæktin og betlið eru þeir þættir sem erfiðast er að venjast. Örbirgðin og áreitid, sem henni fylgir, lætur engan í friði. Nauðsynlegt er að vera stöðugt á varðbergi. Við erum með sólarhringsgæslu við húsið og förum flestra okkar ferða í bíl. Auk öryggisvarða erum við með vinnukonu eins og aðrir starfsmenn þróunarsamvinnustofnana í Mósambík. Það verður sjálfsgagt sérkennilegt fyrir fjölskylduna að koma heim til Íslands og þurfa sjálf að sjá um hreingerningar og þvotta.

Náttúruvegurð í Mósambík er viðbrugðið og hefur það mikla möguleika sem ferðamannaland. Landið er frjósamt og ríkt af náttúruauðlindum en vandamálin eru mörg og stór. Má þar nefna fátækt, sjúkdóma og ólæsi. Mun það taka landsmenn langan tíma að sigrast á erfiðleikunum. Vonandi geta Íslendingar lagt sitt að mörkum til að svo verði.

Höfundar eru búsettir í Mósambík á vegum PSSÍ.

KARLAR, VARIÐ YKKUR!

Ný hjúskaparlög eru í undirbúningi

DRÍFA KRISTJÁNSDÓTTIR

Úganda er eitt af hinum ungu þjóðríkjum Afríku sem samþykkt hafa nýja stjórnarskrá. Úgandska stjórnarskráin var samþykkt árið 1995 og þykir endurspegla nýjar áherslur í mannréttindamálum þar sem reynt er að gera öllum þegnum jafnhátt undir höfði. Vegna stjórnmalalegrar sérstöðu Úganda, þar sem starfsemi stjórnmalaflokka er mjög takmörkuð en fólk er kosið á þing vegna eigin ágætis, hafa verið settir kvótar á þingsæti sem eiga að endurspegla fulltrúa allra þjóðfélagshópa. Sem stendur eiga hermenn, fatlaðir, verkafólk, ungt fólk og konur sína fulltrúa á þingi fyrir utan „almenna þingmenn“ sem geta komið úr öllum þessum hópum nema úr hópi hermanna, en þeir geta ekki boðið sig fram nema undir formerkjum hersins. Þessi nýja stjórnarskrá er beitt vopn kvenna í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Stjórnarskráin kveður á um að konur skuli vera einn þriðji hluti sveitarstjórnarmanna og hvert hérað á sína þingkonu fyrir utan þær sem bjóða sig fram í almenningi. Þetta skilaði konum 74 af 292 þingsætum í kosningunum 2001 og af þeim eru 56 „kvennakvótasæti“.

Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar hafa gert það að verkum að konur eru ákaflega sýnilegar í stjórnmalum í Úganda. Varaforsetinn er kona, konur eru ráðherrar félagsmála, siðgæðis og heiðarleika og varnarmála svo eitthvað sé nefnt og SWinnie Byanyima, þingkona Mbarara-héraðs, er einn beittasti gagnrýnandi Musevenis forseta.

Framrás kvenna einskorðast þó alls ekki við stjórnmalin. Konur eru einnig áberandi í atvinnulífinu og í fjölmörgum. Málefni kvenna fá töluverða umfjöllun í þeim tveimur dagblöðum landsins sem skrifuð eru á ensku og ein útvarpsstöð er rekin af kvennasamtökum og fjallar sérstaklega um málefni kvenna. Framgangur kvenna einskorðast enn sem komið er að mestu leyti við Kampala og aðrar stærri borgir og nær ekki nema að litlu leyti til kvenna á lands-

Þessi nýja stjórnarskrá er beitt vopn kvenna í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Stjórnarskráin kveður á um að konur skuli vera einn þriðji hluti sveitarstjórnarmanna og hvert hérað á sína þingkonu fyrir utan þær sem bjóða sig fram í almenningi. Þetta skilaði konum 74 af 292 þingsætum í kosningunum 2001 og af þeim eru 56 „kvennakvótasæti“.

byggðinni en þrátt fyrir þetta virðist sem samstaða kvenna sé mikil og að þær meti sameiginlega hagsmuni ofar því sem skilur þær að í búsetu, menntun eða efnahagslegum aðstæðum.

Jafnrétti kynjanna meira í orði en á borði

Eins og annars staðar er við ramman reip að draga þegar kemur að því að tryggja jafnrétti kynjanna, ekki bara í orði heldur líka á borði. Þetta kemur berlega í ljós þegar á að endurskoða lög svo að þau endurspeglu þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem eiga að tryggja jafna stöðu þegnanna. Úgandskar konur hafa lagt sérstaka áherslu á að lög um eignarétt á landi og hjúskaparlögin verði endurskoðuð enda skipta þessi lög miklu máli að því er varðar efnahagslegt og félagslegt sjálfstæði kvenna. Umfjöllun um þessi lög hefur ekki verið mikil og því var eftir því tekið þegar annað dagblaðanna sem skrifað er á ensku birti opnugrein um frumvarpið um breytt lög um hjúskap undir fyrirsögninni: Karlar, varið ykkur! Ný hjúskaparlög eru í undirbúningi („Run men; the Domestic Relations Bill is coming“). Greinarhöfundur, sem segist vera ungur karlmaður, kvartar undan því að verið sé að hreinsa hjónabandið af því sem get-

ur talist „afrískt“ og að greinilegt sé við lestur þess að það sé samið undir áhrifum frá kvenréttindasinnum frá Skandinavíu.

Hann vitnar til bresks þingmanns Íhaldsflokksins sem mun hafa sagt opinberlega að norræn þróunarsamtök hefðu tilhneigingu til að breiða út pólitískan rétttrúnað þar sem skandinavískar konur væru að troða kvenréttindamálum upp á karla í suðrinu. Fannst greinarhöfundurinn íhaldsþingmaðurinn greinilega hafa nokkuð til síns máls og að þessi tilhneiging endurspegladist í umræddu frumvarpi.

Bládamadurinn tekur enga afstöðu til þess hvort þurfi að breyta gildandi hjúskaparlögum en lýsir því yfir að þessu frumvarpi sé hreinlega beint gegn körlum og muni skerða réttindi þeirra og ætti a.m.k. að fæla þá frá því að ganga í hnapphelduna.

Ný og eldri hjúskaparlög

Flestir myndu þó telja að núgildandi hjúskaparlög væru úrelt að mörgu leyti og að þau þyrfti að laga að ríkjandi tíðaranda. Þau uppfylla að minnsta kosti ekki þau skilyrði stjórnarskrárinnar að allir þagnar skuli vera jafn rétt háir og hafa sömu skyldur og ábyrgð.

Samkvæmt gildandi hjúskaparlögum er ekki auðsótt mál að leysa upp hjónaband



Ljósni: Guðni M. Eiríksson

sem einu sinni hefur verið stofnað til. Fyrir karla er eina löglega skilnaðarorsökin að konan hafi sannanlega framið hjúskaparbrot en hjá konum þarf einnig að koma til ofbeldi eða vanræksla karlsins til viðbótar við hjúskaparbrot vilji þær komast úr hjónabandinu. Það er heldur ekki sama hvers eðlis hjúskaparbrotið er. Kona telst hafa framið hjúskaparbrot ef hún hefur kynferðislegt samneyti utan hjónabands en karlar þurfa hins vegar að hafa samneyti við gifta konu til að það teljist vera hjúskaparbrot. Til að bæta gráu ofan á svart er svo hægt að gera eignir konunnar upp-tækar til framfærslu barna og/eða maka leysist hjónabandið upp vegna hjúskaparbrotis hennar en engin slík ákvæði eru fyrir hendi ef karlinn hefur brotið af sér.

Hjúskaparbrot telst vera refsivert athæfi og varðar sektum og/eða fangelsisvist og svo sérkennilegt sem það kann að virðast eru sektarákvæðin við hjúskaparbrotum í lagafrumvarpinu, sem nú liggur fyrir, miklu þyngri en í ríkjandi lögum.

Óhætt er að halda því fram að lögformlegir skilnaðir séu afar fátíðir og algengt er að karlar eigi kærustur og börn utan hjónabands og eflaust eru konur heldur ekki saklausar af framhjáhaldi þótt þær eigi erfiðara með að halda úti fleiri en einu heimili eins og þekktist hér um slóðir.

Annað sem er ólíkt með úgöndskum hjónaböndum og t.d. íslenskum er að hjón í Úganda hafa ekki sameiginlegan fjárhag. Ef eignir hjóna eiga að vera sameiginlegar fyrir lögum þarf undirskrift beggja aðila, annars teljast þær séreign þess sem telst hafa greitt fyrir þær. Á flestum heimilum

hefur þetta þau áhrif að konur hafa ekki beinan aðgang að þeim fjármunum sem fjölskyldan hefur til ráðstöfunar. Karlinn heldur utan um fjárhaginn og ráðstafar að vild og leggur til fjölskyldunnar það sem honum finnst við hæfi. Ef konur komast í álnir geta þær auðvitað líka ráðstafað sínum eignum án samráðs við maka.

Fullyrða má að með nýja frumvarpinu er lögum um hjúskap breytt mjög til samræmis við hjúskaparlög á Vesturlöndum. Fyrir það fyrsta er fólki gert mun auðveldara að skilja og þarf ekki að liggja fyrir önnur ástæða en ósætti hjóna. Þá er gert ráð fyrir sameiginlegum fjárhag hjóna eins og þekktist á Vesturlöndum.

Það er einmitt ákvæðið um sameiginlegan fjárhag hjóna sem helst fer fyrir brjóstið á höfundum greinarinnar enda standa karlar nú mun betur að vígi innan hjónabandsins. Þeir hafa oftast meiri tekjur en konur og geta nú ráðstafað þeim að vild. Þegar fólki er auk þess gert auðveldara að slíta samvistum benda allar líkur til þess að konur, sem hingað til hafa iðulega farið slyppar og snauðar út úr hjónabandi, hafi betri aðstöðu verði frumvarpið að lögum í þessari mynd.

Þá er það nýmæli í lögum að hvor aðili um sig hefur rétt til að neita kynferðislegu samneyti ef gildar ástæður eru fyrir hendi en nügildandi lög tryggja einungis rétt beggja til slíks samneytis. Þetta ákvæði er talið mikilvægt réttindamál kvenna á tímum alnæmis.

Nýju löginn gera líka ráð fyrir því að hægt sé að kæra nauðgun innan hjónabands en það úrræði hefur hingað til ekki verið skil-

greint innan lagarammans. Eflaust eiga þessar síðastnefndu breytingar eftir að hljóta töluverða umfjöllun þegar frumvarpið verður lagt fyrir þótt ekki hafi verið mikið fjallað um þær opinberlega hingað til.

Eftirfarandi dæmi um hjónabandsrjúg Kazibwe-hjónanna varpar kannski skýrara ljósi á þann hugsanlega hagsmunaárekstur sem fylgir nýju lögum.

Heimilisofbeldi í sviðsljósinu

Í kjölfar alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars, þar sem þemað var heimilisofbeldi, lýsti varaforsetinn, Dr. Speciosa Kazibwe, því yfir á fundi með þingkonum að hún hefði látið fjarlægja eiginmann sinn af heimilinu því að hann hefði lagt á hana hendur. Hún bætti því reyndar við að það ætti ekki að koma neinum við hvernig ástæðum í opinberum embættum væri háttátt og þótti mörgum nóg um frjálslyndið. Síðan hafa blöð og útvarp verið óþreypandi að flytja fréttir af heimiliserjum Kazibwe-hjónanna. Þrjú sjónarhorn hafa komið fram í málinu. Fyrst er að nefna þá sem forðæma ofbeldið og hrósa varaforsetanum fyrir að ganga fram fyrir skjöldu og sýna fram á að heimilisofbeldi er ekki bundið við tiltekna stöðu eða félagslegar aðstæður. Þá er það kirkjan sem boðar undirgefni kvenna og minnir nýgifta á að heimilislíf sé einkamál fólks sem ekki á að bera á borð fyrir almenning og loks eru það þeir karlar sem finnst hreinlega ekkert að því að berjast konur til að fá þær til að hlýða.

Eiginmaðurinn svaraði fljótt fyrir sig á

opinberum vettvangi og sagðist einungis hafa lagt hendur á konuna í tvígang alla þeirra tíð saman og í annað skiptið hefði hún komið mjög seint heim og sagst hafa verið á fundi! Hann kallaði jafnframt eftir stuðningi við karla sem væru kvæntir konum í ábyrgðarstöðum því að með auknum frama kvenna á sviði stjórnmála og atvinnulífs minnkaði vald karla inni á heimilinu og þeir ættu í félagslegum og sálrænum erfiðleikum af þeim sökum. Sagðist hann oft hafa verið niðurlægður af eigin konu sinni, hún færi sínu fram alveg án tillits til óska hans og hann hefði t.d. ekki enn verið kynntur formlega fyrir forseta-fjölskyldunni þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar að lútandi.

Þótt frú Kazibwe hafi með þessu útspili lagt þungt lóð á vogarskálarnar til að frelsa kynsystur sínar undan oki heimilis-öfheldis og sé yfirlýstur kvenréttindasinni er það kaldhæðnislegt að efnahagslegt ör-yggi hennar er ef til vill meira samkvæmt núgildandi hjúskaparlögum heldur en samkvæmt þeim nýju sem hún kemur væntanlega til með að fjalla um á næstu mánuðum. Hún er vel stæð kona og sótti m.a. nýlega um lóð í einu af úthverfum borgarinnar þar sem hún hyggst reisa verslunarmiðstöð. Eitthvað virðist eiginmanninum hafa gengið verr í veraldlegu brólti því að honum var nýlega varpað í fangelsi vegna vangaldinna skulda. Forsetinn borgaði hann reyndar út, enda ómögulegt að láta eiginmann varaforsetans dúsa í steininum með „ótýndum glæpamönnum“. Eiginkonan kom þar hvergi nærri því að hún var í erindagiörðum erlendis á vegum embættisins. Samkvæmt ríkjandi hjúskaparlögum, þar sem fjárhagur hjóna er aðskilinn, koma henni skuldir eiginmannsins hreinlega ekkert við. Þessu væri ef til vill ekki þannig varið væru ný hjúskaparlög í gildi.

Því er svo við að bæta að herra Kazibwe hefur hlotið töluverða samúð meðborgara sinna sem hafa áhyggjur af efnahagslegri velferð hans takist ekki sættir með þeim hjónum. Aðrir hafa bent á dæmi um þingmenn og ráðherra sem hafa skilið eigin konur sínar eftir heima í þorpi, jafnvel án nokkurrar framfærslu, og tekið sér nýjan maka án þess að nokkur hafi veitt því sérstaka athygli. Það sé einungis vegna þess að hér hafi hin hefðbundnu kynjahlutverk snúist við að þetta mál fái svo mikla athygli í fjölmiðlum.

Það er óhætt að segja að varaforsetinn hafi hleypt af stað umræðu um hjónabandið í víðasta skilningi með þessu útspili sínu, umræðu sem greinilega er mjög þörf og á eflaust eftir að halda áfram fram eftir ári verði frumvarpið um breytt hjúskaparlög lagt fyrir þingið á næstu mánuðum. Þegar að því kemur verður forvitnilegt að sjá hvornig frú Kazibwe og kynsystur hennar taka á frumvarpi sem gæti gengið gegn persónulegum hagsmunum þeirra sjálfra en skipt sköpum fyrir þorra úgandskra kvenna.

Höfundur er starfsmaður PSSÍ í Úganda.

Tæknileg ráðgjöf í þróunarsamvinnu

BREYTTAR ÁHERSLUR

Í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar veittu Bandaríki Norður-Ameríku stríðshrjáðum löndum Vestur-Evrópu þróunaraðstoð sem nefnd hefur verið Marshall-aðstoðin eftir bandarískum þingmanni sem átti hugmyndina að framkvæmdinni. Aðstoðin var í formi lána með vægum vöxtum og var ætlað að koma hjólum atvinnulífsins af stað. Efnahagslíf Evrópu náði sér á strik eftir hörmungar stríðsins á ótrúlegum hraða. Þess má geta að á Íslandi voru m.a. Sogsvirkjun og Áburðarverksmiðja ríkisins byggðar fyrir Marshall-aðstoð. Í ljósi þessarar reynslu beindist athygli iðnríkja Vesturlanda að fátækum löndum Asíu, Afríku og Rómönsku Ameríku og talið var að beita mætti sömu aðferðum til að vinna gegn fátækt og aðstoða íbúana við að byggja upp tæknivædd samfélög.

MARGRÉT EINARSDÓTTIR

Ólíkt því sem var raunin í Evrópu eftir stríðsáranna var lítið um menntað vinnuafli í fátækustu löndum þriðja heimsins. Þróunaraðstoðin, sem helstu iðnríki heims veittu Afríku upp úr 1960, var því aðallega fólgin í tækniaðstoð og tæknilegri ráðgjöf. Markmiðið var að byggja upp atvinnulífið. Tæknimenn og sérfræðingar voru sendir frá iðnríkjunum til að byggja vegi, brýr og skóla fyrir lánsfé á góðum kjörum eða fyrir gjafafé þróunarsamvinnustofnana. Sérfræðingarnir áttu síðan að yfirfæra þekkingu og þjálfna heimamenn þannig að þeir gætu tekið yfir og rekið mannvirkin og stofnanirnar þegar þeir hyrfu á braut. Tilgangurinn var að byggja upp stofnanir, mannvirki og mannauð í Afríku og öðrum fátækum löndum heimsins. Ástæðan fyrir skorti á menntuðu vinnuafli og veikum stofnunum ríkisvaldsins í hinum nýfrjálsu ríkjum Afríku var m.a. sú að á nýlendutímum voru þessi störf í höndum nýlendustjórna og starfsmanna þeirra, sem flestir

flúðu land við stjórnarskiptin, og á nýlendutímanum hafði almenn menntun aðeins verið í boði fyrir fáa útvalda.

Tæknileg ráðgjöf og stuðningur við stofnanir

Þrátt fyrir gríðarlegan kostnað sem lagður hefur verið í stofnanastuðning (institutional building) og tæknilega ráðgjöf við fátækustu ríki þriðja heimsins á árunum 1960-1995, þá eru veikar stofnanir eitt stærsta vandamál þessara ríkja í dag. Stofnanirnar skortir getu til að fást við alls konar verkefni og vandamál, svo sem til að vinna að stefnumörkun og gera framkvæmdaáætlanir. Um er að ræða stofnanir eins og ráðuneyti, banka, háskóla og sjúkrahús svo eitthvað sé nefnt. Þessi veikleiki gerir það að verkum að fátæk lönd eru oft ekki í stakk búin til að taka á móti þróunarfé sem undirstrikar um leið hið mót-sagnakennda, að þau lönd sem eru í mestri þörf fyrir aðstoð hafa síst getu til að taka á móti henni.



Í Afríku er að finna allar gerðir farartækja, allt frá rándýrum flutningabílum til reiðhjólans og uxakerrunnar. Ljósmyndir með greininni eru frá Malaví. Ljósmyndari er Gunnhildur Sveinsdóttir

Gagnrýni og breyttar áherslur

Á sl. tíu til fimmtán árum hafa verið gerðar margar kannanir og rannsóknir á þróunarsamvinnu með það að markmiði að athuga hvort fjármagnid, sem veitt hefur verið til þróunarsamstarfs, hafi haft tilætluð áhrif. Höfuðmarkmið þróunarsamvinnu er að draga úr fátækt og skapa þekkingu, m.a. til að stuðla að sjálfbærum stofnunum í þróunarlöndum. Á grundvelli þessara rannsókna hefur komið fram gagnrýni á árangur tækniráðgjafar og stuðnings við stofnanir. Í ýmsum þeim skýrslum, sem út hafa komið um þessi mál, má m.a. lesa að tæknileg ráðgjöf hafi einna helst gengið vel í verkefnum sem felast í því að leggja vegi og byggja hús eða önnur mannvirki. Einnig hefur hún fremur borið árangur í löndum þar sem stjórnarfar er stöðugt (gott stjórnarfar) að mati þeirra sem unnu rannsóknirnar.

Þar sem markmiðin hins vegar hafa verið að yfirfæra þekkingu, styrkja stofnanir og byggja upp mannauð hefur tæknilega ráðgjöfin ekki gengið eins vel. Mannvirki og

byggingar hafa oft á tíðum verið vannýtt sökum skorts á menntuðu vinnuafli og fjármagni til rekstrar. Reynslan frá Afríku sunnan Sahara hefur í þessu samhengi verið sérstaklega í brennidepli.

Ástæður fyrir þessu eru margþættar en þær ástæður, sem alþjóðaðróunarsamvinnustofnanir hafa helst verið taldar bera ábyrgð á, eru eftirfarandi:

- Vanmat á samstarfsaðilunum og getu þeirra.
- Slægur undirbúningur og illa skilgreind hlutverk langtímaráðgjafa.
- Handahófskennd ráðning erlendra sérfræðinga og ráðgjafa.
- Eignarhald á verkefnum: Móttakendur aðstoðarinnar hafa ekki tekið þátt í verkefnum eða stjórn þeirra á þann hátt að þeir hafi litið á þau sem sína eign. Verkefni hafa þá verið eign ráðgjafanna og þróunarsamvinnustofnunarinnar sem lagði til fjármagnid.
- Kerfi, þar sem erlendur ráðgjafi og innlendir starfsmaður vinna saman og þar

sem hlutverk ráðgjafans er að þjálfa og yfirfæra þekkingu, hefur engan veginn reynst hafa tilætluð áhrif og kemur þar til ólík staða samstarfsmanna og menningarmunur svo eitthvað sé nefnt.

- Alþjóðaðróunarsamvinnustofnanir hafa lagt ofuráherslu á mælanlegan árangur á skömmum tíma sem hefur haft í för með sér að langtímaráðgjafar hafa keppt við að uppfylla þær kröfur með skýrslum sem sýna árangur þó veruleikinn sé oft annar.
- Skortur á eftirliti með verkefnum og framkvæmd.
- Niðurstöður mats- og úttektarskýrslna hafa ekki verið nýttar sem skyldi.

Þróunarsamstarf er flókið og margir þættir sem hafa áhrif á framgang þess, þættir sem bæði er hægt er að rekja til erlendu þróunarsamvinnustofnananna og til landanna sem þiggja aðstoðina. Oft eiga þessi þættir sér rætur í pólitísku umhverfi og menningu. Því er útkoman ekki alltaf sú



Vinnudagur kvenna er langur og oft strangur í fátækustu ríkjum Afríku. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir

sem ætluð var í upphafi.

Það er þekkt vandamál í þessum geira að margt starfsfólk, sem hefur hlotið menntun og þjálfun fyrir tilstuðlan alþjóðapróunar-samvinnustofnana, hverfur á braut og verður ekki að liði í þeirri stofnun sem ætlað var að nýta starfskrafta þess. Sumir hoppa af þegar þeir eru í námi erlendis en aðrir fara til starfa annars staðar þar sem launakjör eru betri. Í þeim tilvikum má gera ráð fyrir að menntunin komi að gagni annars staðar í samfélaginu.

Eitt af stærstu vandamálunum í mörgum fátækustu ríkjum Afríku eru lág laun opinberra starfsmanna sem gerir það að verkum að þeir verða að sinna mörgum störfum til þess að lifa af og það láir þeim enginn að fara í önnur störf, t.d. til einkafyrirtækja, innlendra eða erlendra, bjóðist þeim betri kjör.

Þrátt fyrir þessa gagnrýni hafa orðið margar jákvæðar breytingar í fátækustu ríkjum heims, sbr. skýrslu Sameinuðu þjóðanna (HDR) frá árinu 1997 en þar segir að frá 1960 hafi barnadaudi í þróunarríkjum minnkað um meira en helming. Dregið hefur úr vannæringu um næstum þriðjung. Árið 1960 var helmingur barna án grunn-skólagöngu en árið 1997 einungis fjórðungur allra barna. Þetta sýnir að geta þessara landa til að fást við heilbrigðismál og menntamál hefur aukist mikið á þessu tímabili.

Lærdómurinn, sem stóru alþjóðapróunarsamvinnustofnanirnar drógu af niðurstöðum framangreindra rannsókna, hefur haft í för með sér að eftir 1994 fækkaði langtímaráðgjöfum til muna. Í stað þess er nú í ríkara mæli lögð áhersla á skammtímaráðgjöf og innlent vinnuafli. Settar hafa verið upp þjálfunar- og menntunaráætlanir fyrir landsmenn, bæði í heimalandinu og erlendis. Auk þess er lögð áhersla á að byggja upp menntakerfið frá grunni. Eitt lykilhugtakið í þróunarástöð í dag er samvinna (partnership). Á sama tíma hefur verið lögð áhersla á stuðning við heila geira í samfélaginu í stað þess að styðja einstök verkefni (sjá nánar um það í greininni „Ný sjónarmið í þróunarsamvinnu“ í þessu blaði).

Þróunarstarfsmaðurinn

Ýmsar þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið á þessu sviði, hafa einnig beinst að þróunarstarfsmanninum (langtímaráðgjafanum) og árangri hans í starfi. Markmið þeirra rannsókna hafa m.a. verið að finna þá þætti sem gera ráðgjafa að farsælum þróunarstarfsmanni. Þannig má auðvelda stofnunum að hanna heppileg ráðningarferli og byggja upp raunhæf þjálfunar- og undirbúningsnámskeið.

Það er mjög krefjandi að starfa í þróunarlöndum þar sem aðstæður eru framandi og einkennast oft á tíðum af ringulreið. Það reynir á hæfni einstaklinganna, ekki einungis starfshæfni heldur einnig persónulega hæfni. Það var snemma vitað, og kannanir hafa staðfest það, að ákveðnir persónulegir eiginleikar eru tengdir árangri í starfi í þróunarlöndum og má þar nefna hæfni til að setja sig í spor annarra, sveigjanleika, þolinmæði, frumkvæði, að vera opin fyrir hugmyndum annarra og félagslyndi.

Niðurstöður þessara rannsókna hafa sýnt að þrír þættir eru sérstaklega mikilvægir við ráðningar á fólki til að starfa á vettvangi. Þessir þættir eru göð starfskunnátta og reynsla, aðlögunarhæfni og síðast en ekki síst samskiptahæfni. Reynslan sýnir að oft hafa verið ráðnir mjög góðir starfsmenn, vel menntaðir og með reynslu en í allt of mörgum tilvikum hefur þeim ekki tekist að aðlagast á þann hátt að geta unnið í samstarfi við heimamenn. Niðurstaðan verður því oft, eins og áður er nefnt, eignarhald þróunarsamvinnustofnana á verkefnum og þeir sem eiga að þiggja aðstoðina og taka við verða ekki þátttakendur í ferlinu. Starfið verður því ekki sjálfbært.

Í einni af rannsóknum kanadíska sálfræðingsins Daniel J. Kealey, sem unnin var fyrir kanadíska þróunarsamvinnustofnunina (CIDA) um 1990, kemur fram að sá þróunarstarfsmaður, sem nær árangri í starfi, upplifir menningaráfall eða aðlögunarstreitu, hefur áhuga á menningu og sögu landsins sem hann flytur til, hefur ánægju af starfi sínu og eignast vini meðal samstarfsmanna sinna. Aðrir þættir hafa einnig

áhrif eins og vel skilgreind og vandlega undirbúin verkefni. Samkvæmt þessari rannsókn var ekki fylgni á milli árangurs í starfi og þess að hafa starfað áður í þróunarlöndum.

Þróunarsamvinna Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

ÞSSÍ vinnur að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd og eitt helsta markmið stofnunarinnar hefur verið að byggja upp mannaud, einkum með því að miðla þekkingu og verkunnáttu. Þar af leiðir að stór þáttur í starfi stofnunarinnar er tæknileg ráðgjöf. Það er mikilvægt að hafa í huga að starf langtímaráðgjafa í samstarfslöndunum hefur gegnt stóru hlutverki í því að skapa þekkingu hjá stofnunninni á hinum ýmsu sviðum þróunarsamvinnu og ekki síst þekkingu á samstarfslöndunum. Slíka þekkingu væri erfitt að öðlast á annan hátt og er hún því ómetanleg.

Þróunarstarf er erfitt og oft flókið eins og áður segir. Því er nauðsynlegt að vanda allan undirbúning og styðja og styrkja ráðgjafa stofnunarinnar og fjölskyldur þeirra á þann hátt að þau megi inna af hendi starf sitt farsælega og njóta veru sinnar í Afríku. Á því sviði getur ÞSSÍ lært af öðrum stofnunum og reynslu þeirra. Opin umræða um þróunarmál, markmið hennar og leiðir er nauðsynleg og mikilvægt er að allir starfsmenn stofnunarinnar taki þátt í henni og komi reynslu sinni til skila.

Höfundur er útgáfu- og verkefnastjóri á aðalskrifstofu.

Heimildir:

- Arndt, Channing: „Technical co-operation.“ Í F. Tarp og P. Hjertholm (ritstj.), *Foreign Aid and Development*, London og New York, 2000.
- Berg, Elliot: „Why Aren't Aid Organizations Better Learners?“ Í J. Carlsson og L. Wholgemut, (ritstj.), *Learning in Development Co-operation*, Stockholm, 2000.
- Kealey, Daniel J. PHD: *A study of Canadian Technical Advisors Overseas*. CIDA, Hull Quebec, 1990.

Þegar við komum í frí til Íslands man ég að margir spurðu þabba að því hvort þeir nenntu nokkuð að vinna þessir negrar eða hvort nokkuð væri hægt að kenna þeim.



Börn í fiskimannaþorpinu Kakúakú.

Kynþátta- fordómar

Ljósmyndir með greininni eru frá Angóla. Ljós.: Skúli Waldorff

ÞÉTUR WALDORFF

Fordómar geta stundum verið edlilegir vegna vanþekkingar manna og þröngsýni sem hægt er að leiðrétta. Aftur á móti er kynþáttahatur hættulegt. Það byggir á tilfinningu og andúð á öðrum kynþáttum. Slíkt hatur getur orðið til þegar manni er sýnd óvirðing og er niðurlægður, t.d. vegna litarháttar. Mín reynsla er sú að fjögurra ára gamall fór ég með foreldrum mínum og systur til Angóla í Afríku og bjuggum við þar í rúmlega sex ár. Það var mikið ævintýri og ég vildi ekki hafa misst af þeirri reynslu.

Foreldrar mínir störfuðu fyrir sænska þróunarsamvinnustofnun en faðir minn var kennari við angólskan fiskimanna- og stýrimannaskóla. Við bjuggum í litlu fiskimannaþorpi, Kakúakú, rétt utan við höfuðborg landsins, Lúanda. Margir norrænir starfsmenn unnu við skólann og voru með börn á mínum aldri. Flestir bjuggu þessir starfsmenn og börnin þeirra saman í húsaþyrpingu rétt hjá sjálfum skólanum. Við og nokkrar aðrar fjölskyldur bjuggum aftur á móti fyrir utan svæðið inni í þorpinu. Það hafði það í för með sér að við, sem bjuggum í þorpinu, kynntumst Angólamönnum fyrr og lærðum að tala þeirra tungumál, sem var portúgalska, og eignuðumst margar góða vini. Þeir kenndu okkur að veiða og

búa til teygjubyssur. Með teygjubyssunum veiddum við dúfur og aðra fugla. Ég minnst þess hvað mér fannst leikföngin þeirra miklir fjársjóðir, t.d. hlaupahjól úr tré og ég keypti eitt slíkt í skiptum fyrir litla bíla sem eru seldir hér í búðum en um leið lærði ég að kaupa og selja og var alltaf að prúttu og skipta á ýmsum hlutum fyrir aðra. Það er angólsk verslunarmenning sem ég er hættur að stunda núna. Þegar ég kom heim á sumrin og var í sveitinni með ömmu og frændsystkinum mínum reyndi ég að stunda slíka skiptiverslun og það gekk stundum að fá krakkana til að skipta á einhverju, en amma hafði engan skilning á þessu og leit á þetta sem glæpsamlega verslunarhætti og eyðilagði fyrir mér alla samninga.

Þannig er þetta mismunandi. Í Angóla þykja þeir efnilegir sem byrja fljótt að reyna að prúttu og kaupa og selja því að það er lítið á það sem sjálfsbjargarviðleitni. Á Íslandi þykir þetta aftur á móti hálfglæpsamlegt. Það er eitt sem við verðum að læra til að geta virt hvert annað að siðir okkar eru ólíkir. Siðirnir í mínu landi þurfa ekki að vera betri en siðirnir í einhverju öðru landi, þeir eru bara öðruvísi og það sem er rétt á Íslandi er kannski rangt í Angóla.

Á laugardögum fengum við norrænu krakkanir að horfa á kvikmyndir í samkomusal sem tilheyrði íbúðum norrænna

þróunarstarfsmanna og einhverju sinni fengu allir að bjóða með sér gestum. Við úr þorpinu buðum með okkur besta vini okkar sem klæddi sig í sín finustu fót og hlakkaði til að fá tækifæri til að sjá kvikmyndasýninguna.

Þeir sem stjórnðu sýningunni meinuðu vini okkar að koma inn. Hann var berfættur, eins og þeir voru svo margir, því að hann átti enga skó sem pössuðu á hann og óx svo hratt að foreldrarnir voru í vandræðum með hann. Maðurinn við dyrnar notaði það sem yfirskin að hann vildi enga berfætta, þeir væru svo skítugir á fótunum. Vinur okkar varð öskureiður og við mjög hissa. Á þessum tíma skildi ég ekki alveg hvað gerðist en ég held að ég skilji það betur í dag. Vinur okkar, sem var svolítið eldri en við, tók þetta mjög nærri sér og hann var lengi að taka okkur í sátt, þessa hvítu vini sína, því að fyrir honum vorum við, allir hvítir menn, kynþáttahatarar. Við gátum aldrei unnið traust hans alveg aftur. Þessi heimski, hvíti dyravörður hafði enga tilfinningu fyrir því sem gerðist, hann var bara að hugsa um gólfid í salnum og fannst óþægilegt að fá einhvern inn sem var öðruvísi. Hann var þröngsýnn og fordómafullur, einn af þessum sem gerir mann reiðan og skapar kynþáttahatur. Þetta mál var tekið fyrir og reglunum um gestina var breytt okkur í hag en það sem var alvarlegast í



Nágrannarnir við Fiskimannastíg.



Spilað í sandinum.

Þessu var að við misstum besta vin okkar, allavega tímabundið, vegna heimsku og fordóma fullorðinna. Ég held að börn séu ekki fordómafull en þau eru fljót að læra það ef það er fyrir þeim haft.

Kynþáttafordómar

Til er ýmsar frásagnir af því hvernig framandi kynþættir komu Evrópubúum fyrir sjónir. Á fyrri öldum og jafnvel í upphafi þessarar aldar töldu sumir að hvíti kynstofninn væri kominn lengst í þróuninni og notuðu þróunarkenningu Darwins sem rökstuðning. Slíkar hugmyndir réttlættu það m.a. að Evrópulönd gerðu ýmis önnur lönd í öðrum heimsálfum, sem ekki voru eins tæknivædd og þau, að nýlendum sínum og var rökstuðningurinn meðal annars fólgin í því að segja að þessar þjóðir væru svo frumstæðar að þær gætu ekki stjórnað sér sjálfar. Það er hægt að lesa um slíkt í bókum frá þessum tíma, hvernig Afríkubúum er lýst sem frumstæðum manöpum og talið að þroskastig þeirra væri eins og barna í Evrópu. Meira að segja góður rithöfundur, eins og danska skáldkonan Karen Blixen, lýsir þeim sem vanþroska verum sem henni þótti mjög vænt um. Fordómarnir frá þessum tíma hafa verið mjög lífseigir og hafa enn áhrif á hugmyndir manna um Afríkubúa. Þegar við komum í frá til Íslands man ég að margir spurðu þessa að því hvort þeir nenntu nokkuð að vinna þessir negrar eða hvort nokkuð væri hægt að kenna þeim. Ég minnst þess í sam-

bandi við slíka fordóma að í Lesbók Morgunblaðsins ekki alls fyrir löngu var lýsing á því hvernig breskir ferðalangar sáu Íslendinga fyrir á öldum og eiginleika þeirra. Þar segir að Íslendingar séu litlir og ljótir og letin sé að gera út af við þá, hreyfingar allar séu mjög hægar og það skýri það hvað við séum á lágu þróunarstigi. Okkur finnst skemmtilegt að sjá hvernig menn dæma okkur út frá einhverjum forsendum sem ekki eiga við okkur Íslendinga sem erum svo vissir um að við séum komnir af hraustum vikingum og trúum því margir að íslenski kynstofninn sé jafnvel sá duglegasti í heimi.

Hvað er kynþáttur?

Þegar ég var að velta þessu fyrir mér kom mér í hug að það eru mjög fáir, held ég, sem ég þekki sem eru af einhverjum hreinræktuðum kynþætti. Flestir eiga forfeður einhvers staðar í ættinni sem eru af erlendu bergi brotnir. Þegar ég var átta ára og þar til ég var tíu bjó ég í Stokkhólmi. Í hverfinu, þar sem ég bjó, bjuggu margir flóttamenn frá Suður-Ameríku, einnig fólk sem var að læra við háskólann og var frá ýmsum löndum. Þegar ég hugsa til baka voru flestir vinir mínir blandaðir, þ.e.a.s. þeir áttu foreldra sem voru af ólíku þjóðerni, t.d. var besti vinur minn sonur finnskrar konu og Spánverja, annar vinur minn var ættaður frá Íran í föðurétt en frá Finnlandi í móðurætt. Ein bekkjarsystir mín var dóttir Svía og Mósambíka. Við töluðum öll sænsku og við lékum okkur saman, rifumst

stundum en kynþáttahatur þekktum við ekki. Kannski vorum við stundum fordómafull en það er nokkuð sem getur komið fyrir alla og hægt er að leiðrétta. Við montuðum okkur oft af löndum okkar og stundum vorum við í samkeppni og lentum í rifrildi um hvaða land væri best, þá sérstaklega í íþróttum, og t.d. hver væri með besta lagið í Eurovision, en það var nokkuð sem við gleymdum yfirleitt daginn eftir. Það er eins og að rífast við einhvern sem heldur með KR en halda sjálfur með Val. Sjálfur á ég þýskan langafa, ég er sem sé hreinræktuður bastardur og þannig sé ég framtíðina fyrir mér hér á þessari jörð. Það verða ekki til neindir kynþættir heldur bara eitt mannkyn. Það verður engin leið að koma í veg fyrir blöndunina og ekki heldur æskilegt, þannig munu kynþáttadeilur leysast eða ég vona það alla vega. Allar kenningar, sem ganga út á að einn kynþáttur sé lægra settur eða lakari en annar, eins og kom fram í gyðingaofsóknunum í Þýskalandi og í Apartheid-stefnunni í Suður-Afríku, eru rangar og eiga ekki rétt á sér. Við erum öll mannverur og höfum sama rétt til að lifa á þessari jörð.

Höfundur er mannfræðinemi við Háskóla Íslands. Ritgerðin fékk fyrstu verðlaun íslensks hluta norrænnar ritgerðasamkeppni ungs fólks fyrir rúmum sex árum. Samkeppnin nefndist: Með pennann að vopni. Efnið var kynþáttafordómar. Verðlaunaritgerðirnar birtust í stærstu dagblöðum Norðurlanda í október 1995.

Ný sjónarmið í þróunarsamvinnu

*Frá verkefnum til geirastuðnings
og samþættingar*



Á máisakrinum. Ljós.: Guðni Magnús Eiríksson



Vinna við fiskeldi. Ljós.: Guðni Magnús Eiríksson



Með byggingarefni á höfðinu.
Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir

ÞÓRDÍS SIGURDARDÓTTIR

Flestar þróunarstofnanir hafa á undanförun árum endurskipulagt þróunaraðstöð sína á víðtækan hátt. Stefnumörkun, fjárhagsáætlanir og framkvæmdir miðast í æ ríkara mæli við stuðning við heila geira í samfélaginu í stað einstakra verkefna áður. Samtímis miða flestar stofnanir við að takmarka sig við aðeins fáa geira í hverju landi.

Ástæðan fyrir þessu eru vandamál sem hafa komið fram í tengslum við verkefnabundna þróunarsamvinnu. Sérstaklega má nefna að verkefni beinast venjulega að því að leysa stök og afmörkuð vandamál og hafa tilhneigingu til að vera í ónógum tengslum við heildaráætlanir og framkvæmdir um þróun í viðkomandi geira. Taka má dæmi úr heilbrigðisgeiranum. Er heilsugæslustöðin, sem þróunarstofnunin fjármagnar, byggð þar sem það er brýnast, fellur hún inn í aðra heilbrigðisþjónustu á svæðinu, er til nægilegt starfsfólk til að vinna við hana og munu heimamenn geta annast rekstur hennar og greitt starfsfólkinu laun? Allar spurningar af þessum toga leiða til þeirrar niðurstöðu að taka verði mið af geiranum í heild sinni þegar ákvarðanir eru teknar um einstakar framkvæmdir.

Annað vandamál er hættan á að verkefnunum verði ekki fylgt eftir af heimamönnum þegar þróunarstofnunin er farin. Algengt er að verkefnabundin aðstöð beinist að fjárfestingum í byggingum og þjálfun en ekki að rekstri og viðhaldi. Þá er það spurningin um eignarhaldið á verkefnunum og er þá átt við hverjir það eru sem leiða þau. Oftar en ekki eru verkefni skilgreind og stjórnad af þeirri þróunarstofnun sem í hlut á. Hún getur venjulega valið ráðgjafa og framkvæmdaraðila til að starfa við verkefnið og greiðslur, bókhald og umsýsla fer fram samkvæmt hennar skilmálum. Því er hægt að segja að þróunarstofnunin sé eigandi verkefnisins. Það má auðvitað líta bæði á þetta sem kost og galla út frá sjónarhóli þróunarstofnunarinnar. Kostirnir eru ekki síst þeir að hún á hægara en ella með að tryggja að fjármagnið lendi ekki í

Ljósmyndir með greininni eru frá Malaví.

vösum óprúttinna aðila í samstarfslandinu og hún hefur yfirsýn yfir, stjórn og ábyrgð á fjármagnsstreymi og framkvæmdaferli. En sú spurning vaknar engu að síður hvort slík þróunarsamvinna sé nægilega sjálfbær og stuðli til framtíðar að stöðugleika og þróun í viðkomandi samstarfslandi.


Geirabundin þróunarsamvinna

Í hinna nýju stefnu í þróunarsamvinnu er slakað á ýmsum þeim hömlum af hálfu veitenda sem oftast fylgja verkefnabundinni aðstöð. Með henni er, sem áður segir, unnið með heila geira (sector programme support) og móttökuaðilunum er í ríkara mæli ætlað að bera ábyrgð á öllum stigum áætlanagerðar og framkvæmda. Þessi tegund aðstoðar beinist að heildarlausnum, þ.e.a.s. markmiðssetningum, áætlanagerð, uppbyggingu og rekstri. Grunnhugmyndin er að þróunarstarfið grundvallist á þeim langtíamarkmiðum sem heimamenn hafa sett sér.

Venjulega er byrjað á að meta þarfir og tiltæk úrræði í þeim geira sem um er að ræða og langtíamarkmið mótuð. Því næst er gerð framkvæmdaáætlun um hvernig á að ná þessum markmiðum og hvaða úrræði eru nauðsynleg til að það takist. Þá er samin fjárhagsáætlun þar sem framlag allra aðila er tekið með. Öll þessi vinna fer fram í samstarfi þeirra aðila sem að málinu koma. Þróunarstofnanirnar geta síðan tekið ákvörðun um aðstöð með því að setja eynarmerkt fjármagn inn í geirann eða fjármagnað einstaka liði innan heildaráætlunarinnar. Þær geta líka veitt fjármagni beint inn í ríkissjóð og veitt t.d. almennan stuðning til heilbrigðismála. Hin einstöku ráðuneyti í móttökulandinu bera síðan ábyrgð á að koma settum markmiðum í framkvæmd. Það sem á að nást með þessu er aukin ábyrgð stjórnvalda og embættismanna í móttökulandinu (einkum ráðuneyta, stofnana, stjórnvalda og sveitarstjórna). Jafnframt á að nást meiri samræming og síðast en ekki síst hafa heimamenn aukin tækifæri til að forgangsraða sjálfir. Þar með er reynt að nálgast þau



Byggingarvinna á landsbyggðinni. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir



Maisinn steyttur. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir

markmið að eignarhald á þróunarverkefnum sé í höndum heimamanna og að auka líkurnar á að þau verði árangursrík og sjálfbær.

Mörg hugtök, sem oft heyrast í þróunarumræðunni í dag, tengjast þessari breytingu og endurspeglja tilraunir til að bregðast við þeim vandamálum sem helst hafa þótt hamla þróunarstarfinu. Þar má nefna áherslu á hátttöku, félagsskap, samábyrgð og samhæfingu í þróunarsamvinnu, en einnig uppbyggingu mannaúðs og sjálfsstyrkingu þeirra sem þiggja þróunaraðstoð.

Aðferðin er óneitanlega tilraun til að ráða bót á vandamálum sem fylgja eldri aðferðum í þróunarsamvinnu. En hún er þó ekki án vandamála frekar en aðrar aðferðir. Eitt vandamál er að geta stofnana og stjórnvalda í þróunarlöndum, til að takast á við áætlanagerð, umsýslu og framkvæmdir af þessum toga, er mjög mismunandi og í mörgum tilvikum ekki nægileg. Þess vegna krefst þessi aðferð þess að mikil áhersla sé lögð á uppbyggingu og þróun stofnana í móttökulandinu (institution building), þjálfun og menntun starfsmanna þeirra og að fjármálastjórn og fjármálaeftirlit í viðkomandi landi sé styrkt. Þetta gengur ekki alltaf vandræðalaust fyrir sig eins og dæmin sanna. Auk þess verður að hafa hugfast að stuðningur við stofnanir, þótt mikilvægur sé, beinist ekki beint að fátækustu lögum samfélagsins en það er venjulega vilji almennings í þeim löndum sem veita þróunaraðstoð að svo sé gert. Líka má benda á að oft eru margar þróunarstofnanir að starfa saman með móttökulandinu í hverjum geira og er það liður í

þessari aðferð að þær samhæfi sig og starfi skipulega saman. Það getur þó auðveldlega gerst að þær taki höndum saman og beiti samstarfsaðilana þrýstingi til að ná fram þeim markmiðum sem þær telja mikilvægar, en það hefur aftur þá hættu í för með sér að grafið sé undan einu meginmarkmiðinu, nefnilega ábyrgð og eignarhaldi heima-manna.

Sambætting

Annað hugtak, sem hefur verið fyrirferðarmikið í þróunarsamfélaginu á undanförunum árum, er hugtakið sambætting (mainstreaming) og hefur það fallið saman við skipulagsbreytingar í átt að geirabundinni aðstoð. Hugtakið á sér nokkra sögu og varð til í kjölfar gagnrýni bæði innan og utan þróunarstofnananna um að þróunarverkefni væru oft sundurlaus, einangruð og tilviljanakennd, kæmu að ofan og utan og tækju ekki tillit til allra hópa samfélagsins. Femínistar í norðri og suðri hafa ekki síst staðið í eldlínunni í þessari gagnrýni og má þar m.a. benda á jafnréttisráðstefnur Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995 og New York árið 2000 þar sem krafist var sambættingar jafnréttissjónarmiða, ekki aðeins í þróunarstarfi heldur í almennum markmiðssetningum og áætlanagerð ríkja heimsins. Sambætting jafnréttissjónarmiða í þróunarstarfi snýst einfaldlega um að kynjasjónarhornið sé ævinlega til staðar og hafi mótunaráhrif á inntak, aðferðir og af-rakstur starfsins. Þetta þýðir að kynjavíddin skeri þvert á alla geira þróunarstarfsins og sé virk breyta á öllum stigum þess. Þar

með úreldest að mestu aðferðir sem lúta að sértækum lausnum í þágu kvenna (eða karla).

Langflestar þróunarstofnanir setja nú orðið skilyrði um sambættingu fyrir aðstoð sinni. Það er ekki eingöngu jafnrétti kynjanna sem gerð er krafa um að sé sambætt í þróunarstarfið, heldur eru barátta við fátækt (sem flestar þróunarstofnanir líta á sem yfirmarkmið), lýðræðisþróun, mannréttindi og umhverfisvernd öll dæmigerð sambættingarmálefni. Fjölmörg þróunarlönd hafa einnig slík sambætt markmið að leiðarljósi þegar þau setja sér sín markmið.

Sambættingarmarkmið hafa verið mikilvægur liður í endurskipulagningu þróunarstofnana síðustu árin og þær hafa þróað mismunandi aðferðir til að nálgast slík markmið. Venjulega er gripið inn á tveimur þrepum, í þróunarstofnununum sjálfum og á vettvangi. Stofnanaprepið lýtur að innra starfi þróunarstofnananna og beinist að því að framkalla formgerðarbreytingar innan þeirra til að auðvelda framkvæmd á hinn endurskoðuðu stefnu. Aðgerðaprepið tekur aftur á móti á ytra starfi og beinist að því að kalla fram breytingar á framkvæmdaætlanum og þróunaraðgerðum. Sambætting felur m.a. í sér að skilgreina verður mismunandi hagsmunaðila (stakeholders), eftir kyni, aldri, þjóðernisstöðu, efnahag, búsetu o.s.frv., og setja fram markmið um hvernig starfið geti gagnast mismunandi hópum. Ítarleg og markviss upplýsingasöfnun og aðferðir til að greina þær og vinna úr þeim er því grundvallaratriði eigi að nálgast markmið sambættingar.

Ýmis vandamál hafa komið í ljós í tengsl-



Stærstur hluti Malavíubúa lifa á landbúnaði. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir



Stúlkur byrja ungar að taka ábyrgð á yngri systkinum. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir



Frá heilsugæslustöð í Malaví. Ljós.: Valgerður Jónsdóttir



Fiskverkun við Malavívatn. Ljós.: Margrét Einarsdóttir

um við þessa aðferð. Meðal þess sem nefna má er að ákveðnar forsendur þurfa að vera fyrir hendi á hverjum stað til að ná fram samþættingu, svo sem nægur pólitískur vilji og opinber stefnumótun, mannaúður og vel skipulagðar stofnanir og loks þátttaka ólíkra hópa í opinberri ákvarðanatöku. Í mörgum þróunarlöndum skortir á að slíkar forsendur séu fyrir hendi. Þá getur verið harla erfitt að meta árangurinn þar sem oft á tíðum skortir fullnægjandi aðferðir til að greina áhrif þróunaraðgerða á kerfisbundinn hátt. Til dæmis eru ekki alltaf til staðar nægar upplýsingar og rannsóknir til að vinna út frá. Þá er ákveðin hætta á að þessari aðferð fylgi áhersla á ferli og aðferðir umfram sjálf markmiðin. Þannig getur verið auðveldara að sökkva sér niður í mismunandi atriði er varða framangsmáta og aðferðafræði í þróunarstarfinu fremur en að gera sér ljósa grein fyrir því að hverju samþættingin eiginlega beinist. Að lokum verður að nefna að enn er verið að berjast við draug sem lengi hefur fylgt þessari umræðu, þ.e.a.s. að forsendur þróunaraðstoðar, hugtakanotkun og vinnuaðferðir verði til í búðum þeirra sem veita aðstoðina en ekki þeirra sem þiggja hana. Þeir síðarnefndu verði einfaldlega alltaf að laga sig að breyttri orðræðu og aðferðafræði.

Íslensk þróunarsamvinna

Íslensk þróunarsamvinna hefur enn sem komið er aðallega falist í verkefnabundinni aðstoð en þó hefur við val á verkefnum verið í vaxandi mæli tekið mið af heildaráætlunum í þeim geirum sem hún styður í

hverju landi. Ástæðan fyrir verkefnaáherslu ÞSSÍ er kannski ekki síst smæð stofnunarinnar. Miðað við flestar aðrar opinberar tvíhliða og marghliða þróunarstofnanir er sú íslenska örsmá og er, að því er varðar stærð og vinnuaðferðir, að ýmsu leyti líkari ýmsum frjálsum félagasamtökum en alþjóðlegum systurstofnunum sínum.

Því má heldur ekki gleyma að verkefnabundin aðstoð hefur sína kosti. Einn helsti kosturinn er yfirsýnin. Verkefni eru venjulega nákvæmlega afmörkuð og þeim er ætlað að leysa greinilega skilgreind vandamál. Yfirleitt er nákvæmlega tekið fram hvað þróunarstofnunin leggur fram og hvað samstarfsaðilinn leggur fram. Verkefni eru ævinlega tímabundin, oft aðeins fáein ár, og árangurinn á að vera tiltölulega auðmælanlegur. Einnig er sú stofnun, sem veitir verkefnaaðstoð, sýnileg og fulltrúar hennar oftast til staðar og því síður hætta á misnotkun fjármagnsins.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur farið að fordæmi flestra annarra þróunarstofnana og byrjað smám saman að vinna með samþættingarmarkmið í verkefnum sínum, enn sem komið er einkum á sviði jafnréttismála. Í núgildandi langtímaáætlun stofnunarinnar er t.d. vikið að slíkum samþættingarmarkmiðum (bls. 3). Þá hafa ýmis nýrri verkefni stofnunarinnar tekið í auknum mæli mið af slíkum markmiðum.

Stöðug endurskoðun

Aðferðir, hugmyndir og markmið í þróunarstarfi eru alltaf opin fyrir endurskoðun og innan þessa vettvangs á sér ævinlega stað

lífleg og gagnrýnin umræða. Þróunarstarf er að mörgu leyti flókið og margir hagsmunaaðilar koma þar við sögu. Það á sér stað í alþjóðlegu umhverfi, sem hvorki þróunarstofnanir né samstarfsaðilar þeirra hafa yfirleitt mikil áhrif á, en sem skipt getur miklu máli fyrir árangur og útkomu starfsins. Má þar nefna hið alþjóðlega viðskiptaumhverfi og pólitíska strauma heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. Mestu skiptir að þær stofnanir og aðrir þeir aðilar, sem koma að þróunarstarfi, séu tilbúin til að læra af reynslunni og hlusta á sjónarmið annarra og reyni stöðugt að bæta starfsaðferðir sínar til að skapa skilyrði fyrir umbætur í þágu þeirra og samstarfi við þá sem þiggja þróunaraðstoð.

Höfundur er umdæmisstjóri ÞSSÍ í Malaví.

Nokkrar heimildir:

- Beck, Tony, et.al. 2000. *Mainstreaming Gender Equality into Budgets Processes within the UN System*. New York: UN Inter-Agency Committee on Women and Gender Equality.
- Danida. 1999. *Den nye bistand: Fra projekter til sektorprogrammer*. København: Udenrigsministeriet Danida.
- Mølgård Andersen, Ole. 2000. Sector Programme Assistance. Í *Foreign Aid and Development*. Tarp, Finn (ritstj.), København: Udenrigsministeriet Danida.
- Jones, Stephen & Lawson, Andrew. 2000. *Moving from Projects to Programmatic Aid*. Washington: World Bank/OED
- ÞSSÍ. 2000. *Langtímaáætlun ÞSSÍ fyrir árin 2000-2004*. Reykjavík: ÞSSÍ.

AFRÍKA hvernig er hún?

Hugleiðingar um sumardvöl í Malaví

Glöð ungmenni í Apaflóa. Ljós.: Gunnhildur Sveinsdóttir



Ljós.: Guðni Magnús Eiríksson



VAKA ANTONSDOTTIR

Líkt og svo mörgum öðrum þykir mér skemmtilegt að fara til útlanda. Því fjær og meira framandi sem áfangastaðurinn er þeim mun meira aðlaðandi og spennandi. Síðastliðið sumar bauðst mér að fara til Malaví og dvelja þar um sumarið. Ég og annar íslenskur námsmaður, Héðinn Björnsson, höfðum fengið það verkefni að setja á stofn lítinn tölvuskóla í bænum við Apaflóa, sem er um 35 þúsund manna fiskibær, í miðju landi við Malavívatn. Verkefnið var óneitanlega mjög spennandi og mikil áskorun fyrir okkur.

Malaví er lítið land í sunnanverðri Afríku. Alls er landið um 120 þúsund km² og þar af eru 25 þúsund km² undir vatni. Malaví er meðal þéttbýlustu landa Afríku og eru íbúar landsins um 11 milljónir talsins. Efnahagsástandið í landinu er bágborið og er landið meðal fátækustu ríkja heims. Talið er að um 65% þjóðarinnar lifi undir fátæktarmörkum. Landbúnaður er langstærsta atvinnugreinin og starfa um 90% kvenna og 70% karla við þá grein. Flestir eru sjálfspurftarþændur og rækta máis sem er aðaluppistaðan í mataræði fólks. Jarðnaði er af skornum skammti í Malaví vegna þéttbýlis sem aftur hefur í för með sér neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfi landsins og afkomu íbúa þess. Meðal alvarlegra umhverfisvandamála er eyðing skóg-

Verkefni sumarsins var að stofna og hefja kennslu í tölvuskóla í Apaflóa. Fyrsta myndin af nýjum stað er alltaf minnisstað. Við lengri dvöl verður reynslan margþættari.

lendis en flestir íbúanna nota tré sem eldi við. Malaví á nánast engar auðlindir í jörðu og iðnaðarframleiðsla er þar mjög lítil. Menntun er einnig mjög ábótavant í Malaví. Grunnskólinn er ókeypis og sækja hann margir en aðstæður til kennslu eru þó ákaflega lélegar og margir hætta löngu áður en grunnskólaprófi lýkur. Aðeins lítill hluti nemenda fer í framhaldsskóla og enn færri í háskóla. Hugmyndin um að stofna tölvuskóla í Apaflóa kviknaði einmitt til að koma til móts við þá miklu þörf sem er í landinu fyrir fjölbreytilegra námsval.

Myndir frá Malaví

Það er alltaf áhugavert að koma til nýs lands og á ókunnuga staði. Malaví er þar engin undantekning. Ég hef oft velt því fyrir mér hvað það er sem grípur mann fyrst þeg-

ar maður kemur á nýjan stað. Það er létt að svara því til um Malaví. Hin mikilfenglega náttúra og fjölskrúðugt dýralífið er það sem fyrst nær að heilla. Það er líkt og allt sé lifandi í kringum mann og á hverjum litlum grasbletti má skynja hreyfingu og líf. Einnhver framandi lykt liggur í loftinu og litirnir á gróðrinum eru fjölbreytilegir og allt aðrir en maður á að venjast. Þá er það mannlífið sem einnig vekur óskipta athygli. Kannski er það af því að Íslendingar koma úr fámennu samfélagi og finnst því alltaf svo mikið af fólki í útlöndum. Hvar sem farið er um kemur fólk úr öllum áttum og það á sérstaklega við í landi sem Malaví þar sem fólk er mikið á ferðinni og flestir fara ferða sinna gangandi. Kona á gangi í 30 stiga hita með þungan maísekk á höfðinu, barn á bakinu og þrjú önnur börn skoppandi í kringum sig er algeng sjón og ekki hægt



Sölmenn bjóða ferðalöngum varning sinn. Ljósni.: Guðni Magnús Eiríksson



Nemendur tölvuskólans. Ljósni.: Jóhann Pálsson



Við hátíðarhöld eru dansaðir fornir dansar. Ljósni.: Gunnhildur Sveinsdóttir

annað en að fyllast aðdáun á þreki hennar! Maðurinn á dráttarvélinni í miðbæ höfuðborgarinnar, klæddur í jakkaföt og lakk-skó, er önnur mynd sem við fyrstu sýn vekur dálitla kátínu!

Fyrsta myndin af nýjum stað er vissulega alltaf minnistæð. Sé dvölin í landinu stutt verða þetta einu minningarnar um viðkomandi land og oft eru það minningar um það skrytna og skondna sem maður tekur með sér heim. Við lengri dvöl verður reynslan margþættari, lífstakturinn í samfélaginu fer að skipta máli og einstaklingarnir, sem á vegi manns verða, fá nöfn.

Viðhorf og menningarárekstrar

Í Malaví dvaldi ég í þrjá mánuði sl. sumar og var verkefni mitt að taka þátt í að stofna og hefja kennslu í tölvuskóla í Apaflóa. Framan af sumri fólst vinnan einkum í því að semja námsefni, koma tölvum í gagnið og skipuleggja starfið almennt í skólanum. Hugmyndin var sú að við, íslenska námsfólkið, myndum kenna fyrsta námskeiðið, þar sem námsefnið yrði prófað, og að á því námskeiði yrðu tekin frá pláss fyrir framtíðarkennara skólans. Gekk það eftir og nú eru eingöngu malavískir kennarar starfandi við skólann.

Ég get ekki sagt annað en að þetta hafi

verið mögnuð reynsla og, eftir á að hyggja, að mörgu leyti sérstök. Starfið var unnið í náinni samvinnu við komandi kennara og rekstraraðila skólans. Gafst því einstakt tækifæri til þess að kynna Malövum. Samstarfið var áhugavert og skemmtilegt þrátt fyrir að stundum hafi komið upp vandamál sem tóku þó nokkuð á. Eitt vandamál, sem t.d. kom oft upp, var fjarvistir samstarfsfólks og nemenda við skólann. Ein algengasta ástæða fjarvista í Malaví eru jarðarfari. Lífslíkur í landinu eru tæp 39 ár en voru 48 ár fyrir tíu árum. Í Malaví er mjög mikilvægt fyrir fólk að mæta í útfarir ættingja, vina og nágretta og því verður að reikna með tímum fjarvistum fólks. Það eru einmitt atriði af þessum toga sem segja mikið um þær aðstæður sem malavíska þjóðin verður að takast á við í sínu daglega lífi.

Orðið menningarárekstur fékk nýja merkingu í mínum orðaforða og það setti minn eigin bakgrunn í brennidepil ekki síður en þá menningu sem ég var að kynna. Það sem mér þótti einna merkilegast að upplifa í samstarfinu var hversu fastheldin ég sjálf gat verið á þau vinnubrögð og hefðir sem ég hef vanist. Eitt af því sem fór mikið í taugarnar á mér var óstundvísi. Ég er sjálf frekar stundvís og ætlast því ósjálfrátt til þess að fólk, sem ég umgengst, sé stund-

víst. Oftar en ekki gerðist það að ég var búin að mæla mér mót við aðila á ákveðnum tíma. Sá aðili skilaði sér ef til vill ekki fyrr en tveimur til þremur klukkustundum síðar. Þetta gat gert mig afar illskeytt og fannst mér þetta hinn versti dónaskapur. Eftir að ég kom heim til Íslands aftur fór ég að velja þessu fyrir mér og hugsa um af hverju þetta hafi farið svona illa í mig. Ég var í tölvuskólanum allan liðlangan daginn og var alls ekki að flýta mér þannig að það skipti í raun og veru engu máli hvort fólk kom klukkan 11 eða 14 eða jafnvel næsta morgun!

Ég varð líka vör við að það runnu tvær grímur á suma Malava þegar við íslensku námsmennirnir greindum frá því í hvaða námi við værum. Ég er nemandi í jarðfræði og Héðinn í jarðeðlisfræði og var greinilegt að samstarfsmönnum okkar þóttu þessar námsgreinar með eindæmum undarlegar og hreinlega óskiljanlegt að ætla sér að eyða mörgum árum í svona vitleysu. Þeirra viðhorf var að sé yfirleitt kostur á háskólanámi verði eitthvað skynsamlegt fyrir valinu, eins og til að mynda læknisfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða tölvunarfræði. Þar sem tækifærin eru fá er ekki sjálfsgagt að leyfa sér þann munad að láta aðeins eigin áhuga stjórna vali sínu.



Algengur farkostur í Malaví. Ljósni.: Gunnhildur Sveinsdóttir

Ímyndir fátæktar og ríkisdæmis

Það er yfirleitt erfitt að útskýra og segja frá því sem snertir mann dýpst á hverjum þeim stað sem maður kynnist. Það þarf ekki að vera einhver einn atburður heldur er það sú tilfinning sem maður fær fyrir viðkomandi samfélagi en oft er ekki hægt að benda nákvæmlega á hvað það er. Ég held að ég sé ekki ein um að segja að fátæktin í Malaví hafi snert mig djúpt. Fátækt er lítið orð en stórt hugtak og hún er ekki eingöngu bundin við lönd eins og Malaví eða önnur þróunarlönd heldur finnst hún um allan heim. Vissulega eru birtingarmyndir fátæktarinnar mismunandi á hverjum stað. Fátækt getur t.d. lýst sér í fæðuskorti og sjúkdómum, tengdum honum, en líka í atvinnuleysi og skorti á tækifærum til að breyta og bæta lífskjör sín. Mér fannst fátæktin í Malaví mjög mikil og átti erfitt með að skilja hana. Í raun og veru virtist mér eins og flestir íbúar landsins væru sárafátækir og hefðu fá úrræði til að bæta hag sinn. Viðurkenni ég það fúslega að mér þótti erfitt að horfast í augu við þessa fátækt. Skynjaði ég sterkt hve fá tækifæri almenningur hefur. Ég kynntist því t.d. að í Malaví er það að fá bílpróf (og vinnu sem bílstjóri ef heppnin er

með) afskaplega stór draumur sem marga unga menn dreymir en sem rætist sjaldnast. Margir litu inn í tölvuskólann og langaði að taka þátt en skólagjöldin, sem voru afar lág á okkar mælikvarða, voru erfið hindrun fyrir marga þeirra. Kannski er þetta mér ekki síst hugleikið þar sem ég er sjálf ung manneskja frá landi þar sem þykir sjálfsagt að ungt fólk hafi ógrynni tækifæra og var því ekki laust við að maður fengi stundum vont bragð í munninn í Malaví yfir hinu yfirþyrmandi ranglæti heimsins.

Eitt af því sem ég áttaði mig á þegar leið á dvöl mína var að Malavar hafa margir hverjir jafn einsleita mynd af okkur Vesturlandabúum og mörg okkar höfum af þeim, nefnilega þá að við séum öll jafnrík og gildir þá einu hvort um er að ræða íslenska námsmenn eða bresku konungsfjölskylduna. Vard mér af þessu ljóst mikilvægi þess að setja ekki heilu þjóðirnar eða jafnvel heimsálfurnar undir sama hatt, miðað við efnahagslega flokkun. Í hverju landi og í hverju þorpi býr alls konar fólk sem lifir sínu lífi með þeirri gleði og þeim sorgum sem því fylgja. Lífshættir þjóða, ekki síst þeirra sem búa á fjarlægum slóðum, eru manni oftast framandi og ókunnugir og

það krefst mikillar þekkingar að lesa úr og rýna í þau samfélagslegu gildi og viðmið sem ríkja á hverjum stað. Þess vegna er erfitt að koma með einfaldar skýringar á mannlífínu hvort sem það er í Malaví eða annars staðar.

Minningarnar lífa

Mikilfengleg náttúra og fjölskrúðugt dýralíf, skemmtilegt og vingjarnlegt fólk, smávægilegir menningarárrekstrar og skringilegir atburðir, gefandi starf og síðast en ekki síst yfirþyrmandi samviskubít yfir eigin velmegun lýsir í sameiningu reynslu minni af Malaví. Þetta eru ljóslifandi minningar sem var bæði gagnlegt og að mestum hluta ánægjulegt að taka með sér heim að dvöl lokinni. Oftar en ekki verða minningar sem þessar að spennandi sögum um framandi land og menningu og má því segja að líftími þeirri sé rétt að hefjast þegar heim er komið.

Höfundur hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði íslenskra námsmanna til að starfa að tilraunaverkefni í Malaví við að koma þar á fót tölvuskóla sumarið 2001.